

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/61/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 318/05/COL frá 14. desember 2005 um að fella niður formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á undanþágu frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum í tengslum við stofnun fyrirtækisins Entra Eiendom AS (Noregur)	1
2008/EES/61/02		Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA 119/07/COL frá 16. apríl 2007 um eftirlit með bakgrunnsinnihaldi díoxína, díoxínlegra PCB-efna og annarra PCB-efna en díoxínlegra í matvælum	25
2008/EES/61/03		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól	33
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2008/EES/61/04		Dómur dómstólsins frá 20. júní 2008 í máli E-8/07: Celina Nguyen gegn Justis- og politidepartementet (dómsmála- og lögregluráðuneytinu), fyrir hönd norska ríkisins.	34
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/61/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5168 – EADS/SSTL)	35
2008/EES/61/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5264 – Invitrogen/ Applied Biosystems)	36

2008/EES/61/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5306 – Metso Power/Wärtsilä Finland/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	37
2008/EES/61/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5317 – IBM/ILOG).	38
2008/EES/61/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5356 – GameStop/Micromania) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	39
2008/EES/61/10	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4989 – Álö/MX)	40
2008/EES/61/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5039 – Brose Fahrzeugteile/Continental Assets).	40
2008/EES/61/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5048 – Ingersoll Rand/Trane)	40
2008/EES/61/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5051 – APW/GMG/EMAP).	41
2008/EES/61/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5120 – ArcelorMittal/Gonvarri/SSC Brazil)	41
2008/EES/61/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5155 – Mondy/Loparex Assets)	42
2008/EES/61/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5158 – Strabag/Kirchhoff).	42
2008/EES/61/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5164 – MSREF/Crowne Plaza Wiesbaden Hotel).	43
2008/EES/61/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5249 – Edison/Hellenic Petroleum/JV).	43
2008/EES/61/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5255 – TDK/Epcos).	44
2008/EES/61/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5272 – Sony/SonyBMG).	44
2008/EES/61/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5277 – Zurich/Banco Sabadell/BanSabadell Vida/BanSabadell Pensiones/BanSabadell Generales).	45
2008/EES/61/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5284 – Klépierre/ABP/Steen & Strøm).	45
2008/EES/61/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5290 – Phoenix/CERP Lorraine-Répartition France)	46
2008/EES/61/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5292 – Tata/Mubadala/Lochmore/Piaggio)	46
2008/EES/61/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5303 – Arques/SHC)	47
2008/EES/61/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5305 – Strabag/DeTe Immobilien)	47

2008/EES/61/27	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. júní 2008 til 30. júní 2008 – Birt í samræmi við 13. eða 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004	48
2008/EES/61/28	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. júní 2008 til 30. júní 2008 – Ákvæðanirnar teknar samkvæmt 34. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB eða 38. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB.....	57

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/61/01

318/05/COL

frá 14. desember 2005

um að fella niður formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókarar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á undanþágu frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum í tengslum við stofnun fyrirtækisins Entra Eiendom AS

(NOREGUR)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr., auk 1. gr. I. hluta bókarar 3 við samninginn,

með hliðsjón af leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar ⁽³⁾ um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið,

eftir að hafa boðið hagsmunaaðilum að gera athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽⁴⁾, og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð og bréfaskipti

Í bréfi dags. 22. maí 2002 (skjalnr. 02-3856 D) fór Eftirlitsstofnun EFTA þess á leit við stjórnvöld í Noregi að þau legðu fram þær upplýsingar sem máli kynnu að skipta í tengslum við stofnun fyrirtækisins Entra Eiendom AS (sem nefnist hér á eftir „Entra“) í þeim tilgangi að gera stofnuninni kleift að meta hvort stofnun fyrirtækisins samræmdest reglum um ríkisaðstoð. Stjórnvöld í Noregi brugðust við þessu með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 25. júní 2002 þar sem framvísað var bréfi atvinnu- og stjórnsýsluráðuneytisins dags. 20. júní 2002, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 26. júní 2002 (skjalnr. 02-4850 A).

Í bréfi dags. 10. október 2002 (skjalnr. 02-7036 D) óskaði Eftirlitsstofnun EFTA frekari upplýsinga. Í 1. tölulið bréfsins var fjallað um undanþágu frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum við afsal á fasteign og í 2. tölulið um lækkan matsverðs vegna sérstakra uppsagnarskilmála. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram umbeðnar viðbótarupplýsingar í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 14. nóvember 2002, þar sem framvísað var bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins

⁽¹⁾ Nefnist hér á eftir EES-samningurinn.

⁽²⁾ Nefnist hér á eftir samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽³⁾ „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“ (Leiðbeiningar um ríkisaðstoð) sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 og birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* L 231, 3.9.1994. Leiðbeiningar um ríkisaðstoð eru birtar á ensku á vefsetri stofnunarinnar: www.eftasurv.int.

⁽⁴⁾ Ákvörðun nr. 132/04/COL. Ákvörðun um að hefja formlega rannsókn var birt í Stjtið. ESB C 319, 23.12.2004, bls. 17, og EES-viðbæti nr. 64 sama dag, bls. 46. Ákvörðunina er einnig að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry/sadecinor04/132_04_entra.DOC.

dags. 7. nóvember 2002, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 14. nóvember 2002 (skjalnr. 02-8219 A).

Í símbréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 9. desember 2002, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni sama dag (skjalnr. 02-8912 A), óskuðu stjórnvöld í Noregi eftir því að stofnunin legði fram niðurstöðu sína í málinu um stofnun Entra. Í bréfi til sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 17. desember 2002 (skjalnr. 02-9062 D) tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi að stofnunin kynni að geta lokið þeim hluta málsins, sem sneri að lækkun matsverðs vegna sérstakra uppsagnarskilmála, að fengnum fleiri tilgreindum og ítarlegri gögnum um það atriði.

Ítarleg gögn af þessu tagi voru lögð fram í símbréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 23. janúar 2003 sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 23. janúar 2003 (skjalnr. 03-424 A). Í bréfi til sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 31. janúar 2003 (skjalnr. 03-588 D) tjáði Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi að – með því að ekki virtist vera um aðstoð að ræða – myndi stofnunin „*ekki andmæla virðismati í upphafsefnahagsreikningi á fasteignum sem norska ríkið framseldi til Entra Eiendom AS*“. Stofnunin lagði hins vegar áherslu á að yfirlýsing þessi hefði engin áhrif á þann þátt málsins sem varðaði stimpilgjöld og þinglýsingargjöld.

Í bréfi dags. 2. apríl 2003 (skjalnr. 03-1827 D) fjallaði Eftirlitsstofnun EFTA á ný um undanþágu frá þinglýsingargjöldum og stimpilgjöldum, og fór þess á leit að stjórnvöld í Noregi veittu enn frekari upplýsingar til skýringar. Viðbótarupplýsingar voru lagðar fram í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 5. júní 2003, þar sem framvísað var bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 4. júní 2003, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3631 A).

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað 16. júní 2004 að hefja formlega rannsókn (ákvörðun 132/04/COL). Ákvörðun um formlega rannsókn var birt 23. desember 2004.

Í símbréfi dags. 13. ágúst 2004 (skjalnr. 290206) og bréfi dags. 17. ágúst 2004 frá sendiráði Noregs gagnvart Evrópusambandinu, sem bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 18. ágúst 2004 (skjalnr. 290456), fóru stjórnvöld í Noregi fram á að frestur til að leggja fram greinargerðir yrði lengdur um einn mánuð.

Í bréfi dags. 17. ágúst 2004 (skjalnr. 290305) féllst Eftirlitsstofnun EFTA á að framlengja frestinn um einn mánuð.

Í símbréfi dags. 16. september 2004 (skjalnr. 292867) og bréfi dags. 20. september 2004 frá sendiráði Noregs gagnvart Evrópusambandinu, þar sem framvísað var bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 16. september 2004, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 21. september 2004 (skjalnr. 293392), lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir um ákvörðunina um formlega rannsókn. Niðurstaða þeirra var að undanþága frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum, sem veitt var í tengslum við stofnun Entra, jafngilti ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61 gr. EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA bárust ekki athugasemdir við ákvörðunina um formlega rannsókn frá öðrum hagsmunaaðilum innan tilskilins eins mánaðar frests eftir birtingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Í bréfi dags. 4. maí 2005, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 9. maí 2005 (skjalnr. 318691), lagði lögmannsstofan Selmer fram athugasemdir af hálfu Entra við ákvörðun stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn (sjá undirkafla 3.4 hér á eftir).

Málið var rætt á fundi í Ósló 19. maí 2005 að viðstöddum fulltrúum ýmissa norskra ráðuneyta og Eftirlitsstofnunar EFTA .

Í símbréfi nýsköpunarráðuneytisins dags. 26. júlí 2005 (skjalnr. 327398) og bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 1. ágúst 2005, sem barst og var skráð 3. ágúst 2005 (skjalnr. 329110) og hafði að geyma bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 30. júní 2005, veittu stjórnvöld í Noregi frekari upplýsingar sem lutu að því hvort Entra hefði haft fjárhagslegan ávinning af undanþágunni. Niðurstaða viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins var að Entra hefði ekki haft neinn slíkan ávinning.

2 Stofnun Entra

2.1 Frumvarp til laga um stofnun nýs hlutafélags

Norska ríkisstjórnin kynnti endurskipulagningu opinberu stofnunarinnar Framkvæmdasýslu ríkisins („Statsbygg“) og stofnun Entra 4. júní 1999 ⁽⁵⁾. Sama dag lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um að breyta hluta af fasteignastarfsemi Statsbygg í hlutafélag í þeim tilgangi að leysa úr ýmsum atriðum tengdum breytingunni á félagaförmi og stofnun Entra ⁽⁶⁾. Í 3. gr. laganna (sem nefnast hér á eftir „hin umdeildu lög“) er því lýst yfir að endurskráning félagsins í fasteignaskrá og aðrar opinberar skrár skuli framkvæmd með nafnbreytingu. Af þeim sökum var Entra undanþegið greiðslu á stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum en varð engu að síður réttthafi eignarréttar samkvæmt fasteignaskrá.

Statsbygg er stjórnarsýslustofnun („forvaltningsbedrift“) og heyrir undir nýsköpunarráðuneytið. Statsbygg annast, fyrir hönd stjórnvalda í Noregi, umsjón og ráðgjöf á sviði byggingaframkvæmda og fasteignamála og útvegar ríkisstofnunum húsnæði. Statsbygg hafði áfram með höndum rekstur og umsjón fasteigna sem ekki voru framseldar til Entra. Statsbygg hefur nú umsjón með um 2,2 milljónum m² gólfrymis í Noregi og öðrum löndum. Í fasteignasafninu eru skrifstofubyggingar, skólar, gistirými og húsnæði til sérstakra nota viðs vegar um landið, auk sendiráða og íbúðarhúsnæðis utan Noregs. Árlegt fjármagn til bygginga er um 2,3 milljarðar NOK (um 288 milljónir evra). Starfsmenn Statsbygg eru 669 að tölu (í október 2005) ⁽⁷⁾.

Í St.prp. nr. 84 (1998–1999) kemur meðal annars fram að með endurskipulagningunni sé stefnt að því að skilgreina betur margþætt hlutverk Statsbygg og tryggja sem besta nýtingu húseigna ríkisins. Í þeim tilgangi að leita betri ytri skilyrða fyrir þá starfsemi Statsbygg sem var í samkeppni við einkafyrirtæki var fyrirhugað að greina húseignir á samkeppnismarkaði frá húseignum sem hafðar eru til sérstakra nota, og skyldu þær verða hluti nýs fasteignasafns í eigu Entra. Stjórnvöld gáfu til kynna að á síðari stigum gæti komið til greina að selja einkaaðilum hluta fyrirtækisins.

Í samþykktum Entra er eftirfarandi ákvæði um markmið fyrirtækisins: „*Megintilgangur félagsins er að útvega ríkisstofnunum húsnæði. Félagið getur haft með höndum eignarhald, kaup, sölu, rekstur og umsjón fasteigna, og rekið önnur viðskipti þar að lútandi. Félagið getur einnig átt hluti eða eignaraðild í öðrum fyrirtækjum sem stunda sams konar starfsemi og talin er upp í undanfarandi málslið og tekið þátt í rekstri þeirra*“ (byggt er á óopinberri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á ensku).

2.2 Upphafsjöfnuður Entra

Í þingfönguvarpinu gerði norska ríkisstjórnin grein fyrir helstu sjónarmiðum að baki framsali eignanna til nýja fyrirtækisins. Engar ályktanir voru dregnar um raunverulegt verðmæti eignanna. Þess í stað kom fram að um það yrði fjallað síðar, eða eins og ritað var: „*Endanlegur upphafsjöfnuður fyrirtækisins verður birtur í fjárlögum ársins 2000*“ ⁽⁸⁾. Ekki kom heldur fram hvaða aðferð yrði notuð við ákvörðun verðmætisins.

Á tímabilinu frá 4. júní 1999 þangað til endanlegt verðmat var gefið út með konungstilskipun 22. júní 2000, var gerð ítarleg úttekt á verðmæti eignanna sem framselja skyldi. Markmiðið var að ákvarða rétt viðskiptaverð í samræmi við reglur frumvarps nr. 84 (1998–1999) um framsal eignanna. Við verðákvörðunina var tekið mið af ýmsum aðferðum og forsendum.

⁽⁵⁾ „St.prp. nr. 84 (1998–1999) Om ny strategi for Statsbygg og etablering av Statens utleiebygg AS“. Upprunalegt heiti fyrirtækisins var „Statens utleiebygg AS“. Í því sem hér fer á eftir er „Entra“ notað um Entra Eiendom AS og Statens utleiebygg AS.

⁽⁶⁾ „Ot.prp. nr. 83 (1998–1999) Om lov om omdanning av deler av Statsbyggs eiendomsvirksomhet til aksjeselskap“. Lög frá 18. febr. 2000, nr. 11.

⁽⁷⁾ Heimild: <http://www.statsbygg.no/english>.

⁽⁸⁾ Byggt er á óopinberri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á ensku.

Í fyrsta lagi leitaði Statsbygg til sjálfstæðs ráðgjafa, Catella Eiendom Consult AS (CEC), um mat á eignunum sem framselja skyldi. Matið fór fram samkvæmt matsaðferðum félags norskra fasteignamatsmanna (NTF), þ.e. með því að meta hverja eign og leggja síðan saman verðmæti þeirra allra til þess að komast að niðurstöðu um heildarvirði fasteignasafnsins. Niðurstaðan var 3 852 110 000 NOK. NTF endurskoðaði síðar matið og komst að þeirri niðurstöðu að það væri viðunandi, en varlega áætlað.

Í öðru lagi framkvæmdi Statsbygg eigið eignamat og byggðist það á annarri nálgun. Statsbygg notaði núvirt sjóðstreymi alls fasteignasafnsins sem grundvöll fyrir útreikningum sínum, í stað sérstaks útreiknings fyrir hverja eign sem yrði hluti af heildarniðurstöðunni. Niðurstaða þessa mats var 3 137 500 000 NOK.

Í þriðja lagi lét stjórnsýsluráðuneytið einnig framkvæma mat samkvæmt sömu grundvallarreglum og Statsbygg notaði, en á öðrum forsendum. Niðurstaðan var 3 337 500 000 NOK.

Þegar hér var komið var munur á hæsta og lægsta verðmati 714 610 000 NOK, þ.e. 22% af lægsta matsverði. Án þess að fara nánar út í smáatriði ber að nefna að mikill munur var á aðferðunum sem beitt var. Það kom einnig fram í óháðri endurskoðun PricewaterhouseCoopers (PWC) á ofangreindum þremur niðurstöðum.

Í mati sínu komst PCW að þeirri niðurstöðu að með hliðsjón af þeim mikla mun, sem væri á matsaðferðunum, yrði ítarlegur samanburður á niðurstöðunum mjög flókinn, en meira máli skipti að hann hefði mjög takmarkað gildi. Niðurstaða PCW var sem hér stendur: „*Að okkar áliti eru allar niðurstöðurnar þrjár innan tilhlýðilegra marka*“. PCW lagði ennfremur á það áherslu að ógerlegt væri að ná fram einhverri einni tölu sem telja mætti „rétt“ verðmæti. Verðið ætti öllu heldur að byggjast á samningum aðila, og gæti því verið breytilegt eftir því hvaða forsendur væru notaðar.

Í fjórða lagi ákvað ráðuneytið að láta endurskoða verðmatið að nýju. Að loknum miklum umræðum um hvort sú staðreynd að ríkisstofnanir gætu sagt upp leigusamningum sínum með 12 mánaða fyrirvara ætti að hafa áhrif á markaðsverð eignanna, var verðmæti þeirra nú talið 2 837 550 000 NOK. Þetta verðmat var lagt fyrir Stórþingið ⁽⁹⁾ í tengslum við ríkisfjárlög 1999–2000. Í frumvarpinu var þó fyrirvari um endanlegar leiðréttingar ríkisstjórnarinnar.

Í fimmta lagi nýtti ráðuneytið sér þennan rétt til leiðréttinga, og varð niðurstaðan hærra verð, meðal annars í kjölfar endurskoðunar á ýmsum af leigusamningum Entra og breytinga sem þannig urðu enn á ný á forsendum reiknilíkansins. Endanlegur upphafsjöfnuður var með konungstilskipun ákvarðaður 3 222 871 000 NOK.

Ferlið er rakið hér á eftir. Fram kemur að verðmæti, sem áætlað hefur verið, er á bilinu frá 3 852 110 000 NOK niður í 2 837 550 000 NOK. Skýringar á þessum mismun, sem nemur 1 014 560 000 NOK eða 35,8% af lægsta verðmati, er bæði að finna í mismunandi matsaðferðum og forsendunum sem hvert reiknilíkan byggðist á.

Mat Catella Eiendoms Consult (CEC) ⁽¹⁰⁾
3 852 110 000 NOK

Tillaga Statsbygg
3 137 500 000 NOK

Mat ráðuneytis
3 337 500 000 NOK

⁽⁹⁾ „St.prp. nr. 1 Tillegg nr. 10 (1999–2000) Om etablering av Statens utleiebygg AS“.

⁽¹⁰⁾ „Porteføljevurdering konkurransebyggene Statsbygg“. Bréf til Statsbygg dags. 10. ágúst 1999 með mati CEC.

Endurmat ráðuneytis vegna uppsagnarskilmála ⁽¹¹⁾
2 837 550 000 NOK

Endanlegur upphafsjöfnuður ⁽¹²⁾
3 222 871 000 NOK

Endanlegur upphafsjöfnuður byggðist á núvirtu sjóðstreymi heildarfasteignasafnsins samkvæmt upphaflegri tillögu Statsbygg, en að teknu tilliti til nokkurra breytinga á forsendum.

Entra var stofnað upphaflega sem „lágmarksfyrirtæki“ með fjárframlagi. Síðar fór fram framsal fasteigna, eiginfjár og starfsfólks (eigna og skulda) frá ríkinu til Entra gegn útgáfu hlutafjár, og tók breytingin gildi 1. júlí 2000. Eignarhald og eignarréttur á fasteignunum fluttist frá norska ríkinu til Entra og var skráð á nafn fyrirtækisins. Samkvæmt lögum um stofnun Entra voru hvorki greidd stimpilgjöld né þinglýsingargjöld. Entra er hlutafélag og að fullu í eigu norska ríkisins.

Árið 2004 námu rekstrartekjur fyrirtækisins (samstæðunnar ⁽¹³⁾) 1 072 milljónum NOK (um 128 milljónum evra ⁽¹⁴⁾) og hagnaður fyrir skatta 134 milljónum NOK (um 16 milljónum evra). Eiginfé samstæðunnar (bókfært verð) hinn 31. desember 2004 var 1 288 milljónir NOK (um 154 milljónir evra). Í árslok var verðgildi fasteignasafns samstæðunnar (bókfært verð) 8 768 milljónir NOK (um 1 047 milljónir evra). Starfsmenn Entra voru 133 að tölu 31. desember 2004. Heildarfasteignasafn samstæðunnar samanstendur af um 110 eignum sem eru samtals um 900 000 m² að flatarmáli ⁽¹⁵⁾.

Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda í Noregi nemur áætlað uppsafnað stimpilgjald 80 571 775 NOK, og þinglýsingargjald 147 300 NOK (150 fasteignir × 982 NOK), alls 80 719 075 NOK (um 9,87 milljónum evra) ⁽¹⁶⁾.

3 Mat stjórnvalda í Noregi á því hvort veittar undanþágur frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum samræmist ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð

3.1 Mat stjórnvalda kynnt í tengslum við stofnun Entra

Í kafla 7.6.1 í frumvarpi nr. 84 (1998–1999) kemur fram mat stjórnvalda í Noregi á því hvort undanþága frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum samræmist ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Textinn er svohljóðandi (byggt er á óopinberri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á ensku):

„Næst vaknar sú spurning hvort leysa megi fyrirtækið undan þeirri skyldu að þinglýsa framsali eignarréttar frá Statsbygg til Statens utleiebygg AS þannig að veita megi undanþágu frá þinglýsingargjaldi og stimpilgjaldi. Samkvæmt 6. kafla laga um dómsmálagjald o.fl. og 7. gr. laga um stimpilgjald skal greiða til ríkissjóðs gjöld vegna skráningar skjala í tengslum við framsal réttinda til fasteignar. Greiðsluskylda myndast því fyrst við þinglýsingu á framsali eignarréttar í fasteignaskrá. Ekki er skylt að greiða stimpilgjald vegna nafnbreytingar í fasteignaskrá.

Ráðuneytið telur það miklum vafa undirorpið að framsal eigna frá ríkinu til Statens utleiebygg AS sé þinglýsingarskylt. Eðlilegra er að líta svo á að um sé að ræða skipulagsbreytingu á fasteignastarfsemi ríkisins þar sem ríkið heldur skráðum rétti til eignanna í fasteignaskrá. Ekki er um að ræða þinglýsingarskylt framsal eignarréttar heldur aðeins nafnbreytingu í fasteignaskrá. Þetta hefur meðal annars þær afleiðingar að við þessar aðstæður er ekki skylt að greiða stimpilgjald. Fyrirtækinu ber því ekki að greiða stimpilgjald eða þinglýsingargjald. Aftur á móti leggur ráðuneytið

⁽¹¹⁾ „St.prp. nr. 1 Tillegg nr. 10 (1999–2000) Om etablering av Statens utleiebygg AS“.

⁽¹²⁾ „Statens utleiebygg AS – Fastsettelse av åpningsbalanse og endelige bevilgninger til egenkapital og lån“. Kongelig resolusjon av 22.06.2000.

⁽¹³⁾ Auk Entra Eiendom AS mynda samstæðuna fyrirtækin Entra Service AS, Universitetsgaten 2 AS, Biskop Gunnerus gate 14 AS, Instituttveien 24 AS, Entra Kultur 1 AS, Langkaia 1 AS, Kr. Augustgate 23 AS, Nonnen utbygging AS og Krabugte 3 AS. Heimild: Ársskýrsla 2004. Sjá http://entraeiendom.no/files/Entra_Eiendom_Arsrapport_2004.pdf.

⁽¹⁴⁾ Meðalgengi ársins 2004: 1 evra = 8,3715 NOK.

⁽¹⁵⁾ Heimild: Ársskýrsla Entra 2004.

⁽¹⁶⁾ Gengi 30. júní 2000: 1 evra = 8,1815 NOK.

einnig til í öðru frumvarpi, sem lagt var fyrir Odelsting, að umskráning í fasteignaskrá og öðrum opinberum skráum í tengslum við breytinguna á rekstrarformi skuli eiga sér stað með nafnbreytingu. Að því er fasteignaskrá varðar þýðir þetta að ekki verður krafist formlegs afsals á fasteignum frá ríkinu til hlutafélagsins. Hvað sem öðru líður leiðir af ákvæðinu að þinglýsing á framsali eignarréttar á ekki að fara fram. Þessi tilhögun er raunar í samræmi við reglur sem settar hafa verið í tengslum við breytingu á félagiformi annarra ríkisfyrirtækja, sbr. meðal annars lög frá 24. júní 1994, nr. 45, um breytingu stjórnáslustofnunarinnar Televerket í hlutafélag og 73. gr. laga frá 22. nóvember 1996, nr. 65, um pósthfyrirtæki ríkisins. Sú spurning vaknar hvort þessi tilhögun hafi í för með sér að samkeppnisstaða ríkishlutafélags sé önnur en samsvarandi einkafyrirtækja sem færa tiltekna þætti fasteignastarfsemi sinnar yfir í sérstakt hlutafélag.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur birt leiðbeiningar um hvernig beita skuli ríkisaðstoðarreglunum í 61. gr. EES-samningsins í tengslum við viðskipti milli opinberra fyrirtækja og stjórnvalda, sbr. 19.–20. kafla leiðbeininga stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Samkvæmt þessum leiðbeiningum er svonefnd „einkafjárfestaregla“ helsti mælikvarðinn á það hvort um ríkisaðstoð er að ræða. Samkvæmt henni er þess krafist að ríkið hagi viðskiptum sínum við opinber fyrirtæki á sama hátt og skynsamur einkafjárfestir hefði gert við sömu aðstæður gagnvart samsvarandi eða sambærilegu einkafyrirtæki.

Það er grundvallarregla í norskum lögum að þinglýsa skuli framsali eignarréttar á fasteign frá einum lögaðila til annars til þess að framsalið verði lagalega bindandi gagnvart þriðja manni. Einkafjárfestum ber því í grundvallaratriðum skylda til að þinglýsa framsali eignarréttar og greiða stimpilgjald. Af þessari grundvallarreglu leiðir að á ríkishlutafélagi hlýtur að hvíla samsvarandi skylda til að þinglýsa framsali eignarréttar á fasteign frá ríkinu.

Hins vegar er ósennilegt að skynsamur fjárfestir hefði farið þá leið við flutning á fasteignastarfsemi yfir í sérstakt fyrirtæki að framselja einnig eignarrétt á fasteignunum til hins nýja lögaðila þannig að skylt yrði að greiða stimpilgjald. Þar sem slíkt framsal eignarréttar myndi skapa fyrirtækinu verulegan kostnað er afar ólíklegt að skynsamur einkaaðili fari þá leið. Líklegast verður að telja að farið yrði leið sem ekki hefur í för sér skyldu til greiðslu á gjöldum, til að mynda að halda eignarrétti á fasteignunum í móðurfélaginu eða stofna sérstakt eignarhaldsfélag. Ríkið á ekki þessara kosta vöð. Þegar ríkið ákveður að hefja starfsemi á markaði er hentugast að flytja þann hluta starfseminnar yfir í sérstakt fyrirtæki. Ríkið er því í þeirri aðstöðu að það verður að framselja fasteignirnar öðrum lögaðila. Þetta atriði er mikilvæg röksemd fyrir því að undanþága frá þinglýsingu á framsal eignarréttar stangist ekki á við reglur um ríkisaðstoð.

Það er því niðurstaða ráðuneytisins að undanþága frá þeirri skyldu að þinglýsa framsali eignarréttar valdi því ekki að samkeppnisstaða Statens utleiebygg AS verði önnur en einkafjárfestis á markaði. Ekki er lítið svo á að undanþágan brjóti í bága við EES-samninginn.

Að öðru leyti er það grundvallarforsenda að verðmat eigna, sem framseldar verða til Statens utleiebygg AS, sé í samræmi við markaðsverð, og að hugsanleg yfirfærsla fjármuna frá ríkinu síðar fari fram með svipuðum hætti og hefði einkafjárfestir lagt fé til fyrirtækisins.“

3.2 Röksemdir sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram áður en Eftirlitsstofnun EFTA ákvað að hefja formlega rannsókn

Í bréfi dags. 20. júní 2002 lét atvinnu- og stjórnsýsluráðuneytið í té upplýsingar um starfsskilyrði Entra og útreikning upphafsjafnáðar fyrirtækisins. Ráðuneytið lýsti sjóðstreymisáðferðinni sem notuð var til að meta heildarverðmæti fasteignasafnsins og greindi frá því að sú áferð hefði verið notuð „vegna þess að hún samræmdist best þeim skilyrðum í frumvarpi nr. 84 til Stórþingsins (1998–1999) að skapa fyrirtækinu starfsskilyrði sem gerði því kleift að standa jafnfætis öðrum í sömu atvinnugrein“. Í bréfinu var ekki um það fjallað hvort, hvernig eða að hve miklu leyti undanþága frá stimpilgjaldi hefði áhrif á upphafsjöfnuð fyrirtækisins. Þá var ekki heldur fjallað um það hvort 3. gr. hinna umdeildu laga hefði í för með sér að undanþágu frá stimpilgjaldi væri mætt með hækkan á verðmati fasteignasafnsins sem svaraði til þeirrar fjárhæðar sem greidd hefði verið ef skráning í fasteignaskrá hefði farið fram sem framsal eignarréttar en ekki sem nafnbreyting.

Í bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 7. nóvember 2002 var fjallað nánar um þau rök ráðuneytisins, sem fram komu í undirbúningsskjölunum, að einkafjárfestar gætu farið leiðir sem ekki krefðust formlegrar þinglýsingar og komist þannig hjá því að greiða stimpilgjöld og þinglýsingargjöld. Þar sem ekki væri skylt að þinglýsa framsali eignarréttar gætu fyrirtæki, bæði einkarekin og ríkisrekin, komist hjá því lögum samkvæmt að greiða stimpilgjöld og þinglýsingargjöld með því einu að þinglýsa engu framsali eignarréttinda. Væri upprunalegur eigandi áfram afsalshafi skapaði það hinum nýja eiganda áhættu gagnvart þriðja manni „í góðri trú“. Þó væri unnt að draga úr þeirri áhættu með því að þinglýsa „takmörkun á eignarrétti“. Þinglýsing yfirlýsingar um takmörkun á eignarrétti kæmi ekki í veg fyrir hættu á fullnustugerð, svo sem riftun lánadrottins eða skiptastjóra þrotabús á rétti löglegs arftaka til eigna skuldunautar. Að sögn stjórnvalda í Noregi tíðkaðist þessi aðferð hjá einkafyrirtækjum, sérstaklega í samskiptum tengdra aðila.

Ráðuneytið telur að hefði Statsbygg verið í einkaeign hefði eigandinn að öllum líkindum skipt fyrirtækinu upp án þess að sú skylda stofnaðist að greiða þinglýsingargjald eða stimpilgjald. Þetta hafi ekki verið raunhæfur kostur við stofnun Entra, meðal annars vegna takmarkana sem helgast af því að Statsbygg er háð eftirliti hins opinbera og stjórnmalamanna. Sú aðferð að halda eignarrétti á fasteignunum innan Statsbygg hefði falið í sér að viðskipti með fasteignir Entra væru háð samþykki opinbers aðila. Hefði eignarrétturinn verið áfram í höndum Statsbygg hefði það falið í sér að ríkið væri bæði leigjandi og formlegur réttshafi eignarréttar á fasteignunum. Slik nálgun hefði gert hlutverkaskiptingu milli Statsbygg og Entra óskýra. Statsbygg hefur verið falið það verkefni að eiga og reka opinberar byggingar sem eru ekki tengdar viðskiptum, en Entra er fyrirtæki sem er rekið á viðskiptalegum forsendum.

Í bréfinu frá 7. nóvember 2002 lagði ráðuneytið einnig fram röksemdir gegn beitingu 61. gr. EES-samningsins sem komu ekki fram í ofangreindum undirbúningsskjölum. Ráðuneytið ítrekaði að matsverð fasteignasafnsins væri reiknað með aðferð sem byggðist á „hreinum fjármögnun“. Sú aðferð fæli í stuttu máli í sér að framtíðarsjóðstreymi fasteignar (hreinur leigutekjur af leigusamningum í gildi að viðbættu mati á hreinum leigutekjum eftir að gildandi samningar renna út) væri lækkað til núvirðis með stuðli sem væri byggður á hæfilegri ávöxtunarkröfu. Sú krafa hefði verið ákveðin 9,5% og væri þá tekið mið af sambærilegum einkaaðilum á markaði. Ráðuneytið taldi að hefðu stimpilgjöld og þinglýsingargjöld verið innheimt hefði sá kostnaður verið færður til tekna en verðgildi eignanna lækkað að sama skapi. Þetta hefði því ekki lækkað heildarniðurstöðu efnahagsreiknings Entra eða heildarverðmat eigna. Hefðu gjöldin hins vegar komið til greiðslu án leiðréttingar á verðmæti eigna, hefði það leitt til „*hærra heildarverðmætis eigna og aðeins 9,1% ávöxtunar, en það er talsvert lægra en ávöxtunarkrafa fyrir Entra Eiendom AS. Þetta væri Entra Eiendom AS verulega í óhag samanborið við einkaaðila*“.

Í bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 4. júní 2004 komu fram frekari upplýsingar og röksemdir, meðal annars varðandi aðgerðir einkafyrirtækja. Ennfremur ítrekaði ráðuneytið röksemdir sem fram komu í bréfinu frá 7. nóvember 2002 fyrir þeirri skoðun sinni að niðurfelling gjaldsins hefði ekki áhrif á fjármagnsskipan, greiðsluhæfi og heildarverðmæti fyrirtækisins.

Við þetta bættust þriðju röksemdir ráðuneytisins fyrir því að líta ekki á undanþágu frá stimpilgjaldi sem aðstoð, en þær líta að svonefndri „sambengisreglu“ norskra laga. Að sögn ráðuneytisins er sú regla nokkurs konar yfihugtak fyrir ýmsar reglur sem miðast við að yfirtökufyrirtæki öðlist lögformlega stöðu fyrirtækisins sem framselur. Markmið reglunnar er að auðvelda samruna og uppskiptingu. Þegar reglan á við telst lögformleg staða fyrirtækisins, sem framselur, haldast í yfirtökufyrirtækinu. Að sögn ráðuneytisins var samhengi að því er varðar skatta og gjöld mikilvægt sjónarmið varðandi regluna. Þegar lög um þinglýsingu væru skýrð með hliðsjón af fyrirtækjalöggjöf kæmi raunar í ljós að í mörgum tilvikum geti endurskipulagning einkafyrirtækja átt sér stað án þess að skylt verði að greiða þinglýsingargjald og stimpilgjald. Rök ráðuneytisins voru þau að af þessum sökum væri undanþágan almenn ráðstöfun sem jafngilti ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Niðurstöður bréfsins, sem dagsett var 4. júní 2003, koma fram í 9. lið og hljóða svo:

„Hið almenna kerfi sem er í gildi varðandi þinglýsingargjald og stimpilgjald felur í sér að samhengisreglan ræður því hvort breyta má eignarhaldi opinberra aðila og einkaaðila með nafnbreytingu einni saman, meðal annars í tengslum við reglur um þinglýsingar- og stimpilgjald. Tilgangur reglunnar er að auðvelda framkvæmd samruna, uppskiptingar og endurskipulagningar, en það er talið æskilegt frá félagshagfræðilegu sjónarmiði. Sömu sjónarmið hafa leitt til sérstakrar lagasetningar og endurgreiðslu áfallins stimpilgjalds í tengslum við endurskipulagningu vatnsafls- og raforkufyrirtækja. Þannig er þessi tilhögun almenn ráðstöfun sem samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.“

3.3 Röksemdir sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram eftir að Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn

Í bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 16. september 2004 gáfu stjórnvöld í Noregi umsögn um þá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA að hefja formlega rannsókn. Að álitum stjórnvalda í Noregi var engum skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins fullnægt. Af þeim sökum jafngilti undanþágan, sem Entra var veitt frá stimpilgjaldi, ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Ráðuneytið ítrekaði í fyrsta lagi fyrri röksemdir sínar um að Entra hefði ekki haft ávinning af ráðstöfuninni. Hún breytti engu um fjármagnsskipan, greiðsluhæfi eða heildarverðmæti fyrirtækisins. Hefði stimpilgjald og þinglýsingargjald talist áfallið í upphafsefnahagsreikningi hefði þar verið um nýjan upphafsjöfnuð að ræða. Ráðuneytið lýsti yfir að stjórnvöld í Noregi teldu að ekki bæri að greina umrædda skattaráðstöfun sérstaklega frá upphafsjöfnuði fyrirtækisins. Ennfremur væri tilgangurinn með meginreglunni varðandi stimpilgjöld og þinglýsingargjöld að skattleggja raunverulegt framsal eigna milli mismunandi rekstraraðila. Sé framsalið aðeins að nafninu til og framsals- og yfirtökuaðili í aðalatriðum hinn sami er meginreglan í norskum lögum, að sögn ráðuneytisins, að yfirtökufélagið haldi lögformlegri stöðu framseljanda (samhengisreglan). Ráðuneytið lítur svo á að samhengisreglan sé ekki bundin við tilteknar gerðir framsals heldur sé hún meginregla þegar framsals- og yfirtökuaðili er í aðalatriðum hinn sami. Að sögn stjórnvalda í Noregi fékk Entra því ekki undanþágu frá gjaldi sem fyrirtæki þyrfti að jafnaði að greiða.

Í öðru lagi benti ráðuneytið á að framsal eignarréttar í málinu sem hér er til athugunar, samkvæmt 3. gr. hinna umdeildu laga, var framkvæmt með nafnbreytingu en ekki með framsali eignarréttar. Þannig var Entra aldrei skylt að greiða stimpilgjald og að álitum stjórnvalda í Noregi varð ríkið ekki af skatttekjum og því var ekki gengið á ríkisfjármuni.

Í þriðja lagi héldu stjórnvöld í Noregi því fram að umrædd ráðstöfun hefði ekki haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Ráðuneytið taldi að markaðskönnun gæti leitt í ljós hvort fasteignamarkaðurinn fyrir atvinnuhúsnæði í þéttbýli í Noregi væri að öllu leyti af innlendum toga og laus við samkeppni erlendis frá. Ráðuneytið leit svo á að erlendir fjárfestar hefðu ekki verið starfandi á fasteignamarkaði í Noregi nema gegnum fjárfestingar í fjármálafyrirtækjum.

Í fjórða lagi taldi ráðuneytið að undanþágan frá stimpilgjöldum og þinglýsingargjöldum hefði ekki verið sértæk ráðstöfun. Ráðuneytið vísaði til þess að meginforsendan fyrir því að beita 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins í tengslum við skattaráðstöfun væri að hún fæli í sér undanþágu frá skattkerfinu í þágu tiltekinna fyrirtækja í EFTA-ríkinu. Því þyrfti fyrst að ákvarða hvaða sameiginlega kerfi væri við lýði. Viki skattaráðstöfun frá því kerfi þyrfti að kanna hvort eðli eða uppbygging skattkerfisins réttlætti slíkt frávik. Ráðuneytið leit svo á að sú aðferð að byggja framsal eignarréttar á nafnbreytingu fæli ekki í sér frávik frá skattkerfinu. Yrði það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að aðferðin fæli í sér frávik frá skattkerfinu var það álit ráðuneytisins að réttlæta mætti slíkt frávik með vísan til eðlis eða uppbyggingar skattkerfisins.

Að lokum vísaði ráðuneytið til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C 27/99 frá 5. júní 2002⁽¹⁷⁾ varðandi undanþágur frá gjöldum af eignayfirfærslu í tengslum við breytingu á rekstrarformi tiltekinna opinberra fyrirtækja á Ítalíu í hlutafélög. Ráðuneytið taldi efnisatriði ítalska málsins svipuð og í málinu sem hér er til athugunar og sömu sjónarmið gætu átt við. Niðurstaða ráðuneytisins var að eðli eða uppbygging kerfisins réttlætti undanþáguna og að hún jafngilti ekki ríkisadstoð í skilningi l. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í bréfi dags. 30. júní 2005 lagði viðskipta- og iðnaðarráðuneytið fram frekari röksemdir fyrir því að Entra hefði ekki haft fjárhagslegan ávinning af undanþágu frá stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi. Ráðuneytið vísaði til þess að upphafsjöfnuður Entra hefði verið fundinn með svonefndri núvirðisadferð. Áætlað framtíðarsjóðstreymi vegna hvernar byggingar var metið og núvirt með tiltekinni ávöxtunarkröfu. Ávöxtunin var fundin með líkani um verðlagningu eigna (*Capital Asset Pricing Model*) í kjölfar samanburðar við keppinauta á fasteignamarkaði. Ákveðið var að eiginfjárlutfall skyldi vera um 40%, en það var sambærilegt við önnur hliðstæð fyrirtæki.

Ráðuneytið leit svo á að reiknað verðmæti fasteignanna væri besta aðferðin til að meta hvað fjárfestir „sem ekki þyrfti að greiða stimpilgjald og þinglýsingargjald“ væri reiðubúinn að greiða fyrir fasteignasafnið. Hefði kaupandanum (í þessu tilviki Entra) verið gert að greiða stimpilgjald og þinglýsingargjald hefði verðið, sem fjárfestirinn hefði verið reiðubúinn að greiða, lækkað sem næmi stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi. Andvirði fasteignanna sem fastafjármuna hefði lækkað um sömu fjárhæð í efnahagsreikningnum en aðrir fastafjármunir hækkað að sama skapi og heildareignir því haldist óbreyttar. Á skuldahlíðinni hefðu ekki orðið breytingar á eiginfê og heildarskuldum enda þótt skammtímaskuldir hefðu aukist sem næmi stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi. Niðurstaða ráðuneytisins var að fjárhagsleg staða Entra hefði ekki breyst vegna undanþágu frá stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi.

Ráðuneytið féllst á að ekki væri unnt að draga þá almennu ályktun að greiðsla stimpilgjalds hvíldi jafnan í raun á seljanda fasteignar, heldur færi það eftir aðstæðum hverju sinni. Í málinu, sem hér er til athugunar, yrði seljandi þó að greiða gjaldið þar sem aðferðin, sem notuð var við mat fasteigna í upphafsefnahagsreikningi Entra, fól í sér eftirfarandi (byggt er á óopinberri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á ensku): „Í tilviki sem þessu, og þegar núvirðisadferðin er notuð, er hvers kyns kostnaður vegna sölunnar dreginn frá kaupverðinu, með því að matsaðferðin sjálf tekur til allra kostnaðarþátta, enda næst ávöxtunarkrafa kaupanda ekki að öðrum kosti ...“.

3.4 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í bréfi dags. 4. maí 2005 lagði lögmannsstofan Selmer fram athugasemdir af hálfu Entra við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn. Selmer færði rök fyrir því undanþága frá stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi fæli ekki í sér ávinning fyrir Entra og að undanþágan væri í samræmi við eðli og grunnrök norska kerfisins.

Í fyrsta lagi vitnaði Selmer til þess að ákveðið hefði verið að stofna fyrirtækið með eiginfjárlutfalli sem næmi 40% af heildarhöfuðstóli. Hefði Entra verið gert greiða stimpilgjald og þinglýsingargjald hefði verðmæti eignanna lækkað sem næmi stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi og norska ríkið hefði orðið að leggja fyrirtækinu til sömu fjárhæð til að halda eiginfjárlutfalli í 40%. Selmer taldi þetta ekki hafa breytt fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins og að Entra hefði ekki notið neins fjárhagslegs ávinnings.

Í öðru lagi staðhæfði Selmer að jafnan hefði verið gætt samræmis í endurskipulagningu ríkisfyrirtækja og þá byggt á samhengisreglunni og var vísað til endurskipulagningar Norsk Riksringkastning (NRK), Telenor, Norges Statsbaner (NSB), Posten Norge, Avinor, Mesta og Statkraft. Selmer leit því svo á að undanþága frá stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi væri í samræmi við eðli og grunnrök norska kerfisins.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 77, 24.3.2003, bls. 21.

4 Norsk löggjöf um stimpilgjald og þinglýsingargjald við skráningu á framsali fasteigna

4.1 Hvenær myndast skylda til að greiða stimpilgjald og þinglýsingargjald?

Allar fasteignir í Noregi eru auðkenndar í fasteignaskrá („Eiendomsregisteret“) sem hefur frá 1995 haft að geyma upplýsingar úr „*Tinglysingsregisteret/Grunnboken*“ og „*GAB-registeret (Grunneiendommer, Addresser og Bygninger)*“ (landareignir, heimilisföng og byggingar) ⁽¹⁸⁾.

Tinglysingsregisteret var sett á fót með lögum frá 1935, nr. 2, um þinglýsingu („Lov om tinglysing“). Hver fasteign í skránni ber auðkenni sem bæta má við upplýsingum um eignarrétt, eignarheimild, veðbönd o.s.frv. Í skránni eru meðal annars upplýsingar um hvers kyns réttindi og skyldur sem varða hverja eign. Hagsmunaaðilar í góðri trú eiga að geta treyst þeim upplýsingum sem fasteignaskráin hefur að geyma.

Samkvæmt fyrsta málslið 7. gr. laga frá 1975, nr. 59, um stimpilgjald („Lov om dokumentavgift“) ber að greiða stimpilgjald („dokumentavgift“) við skráningu á framsali eignarréttar á fasteign („hjemmelsoverføring“). Gjaldið nemur 2,5 % af söluverðmæti fasteignarinnar. Ábyrgð á greiðslu gjaldsins hvílir á nýja eigandanum, sbr. 2.–6. lið reglugerðar fjármálaráðuneytisins um stimpilgjald frá 16. september 1975, með áorðnum breytingum.

Við skráningu á framsali eignarréttar í fasteignaskrá er að auki tekið þinglýsingargjald („tinglysingsgebyr“) samkvæmt lögum um dómsmálagjald o.fl. frá 1982, nr. 86 („Rettsgebyrloven“). Um það leyti sem Entra var stofnað var það gjald 982 NOK (um 123 evrur) fyrir hvert skráð skjal. Sömu skilyrði eru fyrir álagningu stimpilgjalds og þinglýsingargjalds.

Eins og fram hefur komið er stimpilgjald lagt á við skráningu á framsali eignarréttar milli lögaðila („hjemmelsoverføring“). Af því leiðir að ef ekki er um að ræða framsal eignarréttar milli lögaðila, heldur aðeins nafnbreytingu eins og sama lögaðila í skránni („grunnboken“) þarf ekki að greiða stimpilgjald.

Enga lagaskyldu ber til að þinglýsa („tinglyse“) réttindum tengdum fasteign (eignarhaldi o.s.frv.) í skránni. Ekki er nauðsynlegt að skrá framsal eignarréttar til þess það öðlist gildi. Réttthafi eignarréttar getur hins vegar ákveðið að skrá réttindi sín í því skyni að tryggja þau gagnvart þriðja manni.

4.2 Hvenær er heimilt að breyta nafni réttthafa eignarréttar án þess að greiða þurfi stimpilgjald?

Framkvæmd varðandi greiðslu skráningargjalda frá 1990 til 1. júlí 2005, þ.e. á þeim tíma sem Entra var stofnað, er lýst í tvennum umburðarbréfum, þ.e. umburðarbréfi dómsmálaráðuneytisins G-37/90 frá 25. maí 1990 og árlegum umburðarbréfum norska tollstjóraembættisins („Toll- og avgiftsdirektoratet“) ⁽¹⁹⁾. Samkvæmt lið 1.1 í síðarnefndu umburðarbréfunum er ekki veitt undanþága frá stimpilgjaldi nema fyrir því sé bein lagaheimild skv. lögum um stimpilgjald eða sérstakri ákvörðun löggjafarþingsins ⁽²⁰⁾.

(i) Samruni

Samkvæmt upplýsingum norska dómsmálaráðuneytisins felur samruni fyrirtækja ekki í sér framsal eignarréttar í skilningi laga um stimpilgjald. Þess vegna er nægilegt að skrá samrunann í fasteignaskrá með því að staðfesta að fyrirtæki hafi verið sameinað öðru. Fyrirtækjaskrá getur gefið út slíka staðfestingu og ekki þarf að greiða þinglýsingargjald eða stimpilgjald vegna hennar. Þetta á við um samruna hlutafélaga í skilningi gr. 14-7 laga frá 4. júní 1976, nr. 59 („lögum um hlutafélög“) ⁽²¹⁾ og annan samruna samkvæmt 14. kafla sömu laga og um samruna sparisjóða (8. kafli laga frá 24. maí 1961, nr. 1, „laga um sparisjóði“) ⁽²²⁾.

⁽¹⁸⁾ Heimild: Statens Kartverk – Tinglysingen, sjá: <http://www.statkart.no/IPS/tinglysing/?module=Articles;action=ArticleFolder.publicOpenFolder.ID=2207>.

⁽¹⁹⁾ Sbr. m.a. *Dokumentavgift 2000 – S12-DOK-2001* og *Rundskriv nr. 12/2005 S*, sem vísað er til hér á eftir. Sjá einnig http://toll.no/upload/dokumentavgift1_1.pdf.

⁽²⁰⁾ Á norsku er textinn sem hér segir: „*Det gis ikke fritak for dokumentavgift med mindre det er direkte hjemmel i loven eller stortingsvedtak.*“

⁽²¹⁾ Hér vísast einnig til laga nr. 44 og nr. 45 frá 13. júní 1997 um hlutafélög annars vegar og opinber hlutafélög hins vegar.

⁽²²⁾ Hér vísast til umburðarbréfs G-37/90, bls. 1, liðar 1.3 í *Dokumentavgift 2000* og liðar 1.3 í *Rundskriv nr. 12/2005 S*.

(ii) Uppskipting samkvæmt lögum um hlutafélög frá 1976

Verði uppskipting með þeim hætti að eignarhald á fasteign er framselt frá upprunalegu fyrirtæki („A“) til fyrirtækisins sem skilið er frá („B“) er kveðið svo á í umburðarbréfi G-37/90 og lið 1.4 í árlegum umburðarbréfum norska tollstjóraembættisins að greiða skuli bæði þinglýsingargjald og stimpilgjald ⁽²³⁾.

Sé fasteignin hins vegar áfram í eigu upprunalega fyrirtækisins (A), sem hluti (B) var skilinn frá, er ekki skylt að greiða þinglýsingargjald eða stimpilgjald ⁽²⁴⁾. Ástæðan er sú að í þessu tilviki er fasteignin ekki framseld nýjum lögaðila (en svo hefði verið ef fasteignin hefði verið framseld fyrirtækinu sem var skilið frá).

(iii) Framsal eignarhalds úr sameign til sameignarfélags

Á tímabilinu, sem um ræðir, taldist framsal eignarhalds á fasteign úr sameign til sameignarfélags eða samlagsfélag (eða öfugt) fela í sér framsal frá einum lögaðila til annars. Þannig kom fram bæði í umburðarbréfi G-37/90 og lið 1.5 í árlegum umburðarbréfum norska tollstjóraembættisins að slík ráðstöfun væri af þeim sökum stimpilgjaldsskyld.

(iv) Breyting á félagiformi

Í umburðarbréfinu er ekki minnst á þær hugsanlegu aðstæður að breyting verði á félagiformi fyrirtækis. Í bréfi stjórnvalda í Noregi dags. 4. júní 2002 kemur fram að meginreglan í slíkum tilvikum sé að „*framsal eignarréttar verður að fara fram. Samkvæmt því þarf að greiða þinglýsingargjald og stimpilgjald. Þannig hefur framkvæmd laganna verið.*“ Stjórnvöld í Noregi telja hins vegar hugsanlegt að veita undanþágu frá þessari reglu samkvæmt sjónarmiðum sem byggjast á samhengisreglunni ⁽²⁵⁾.

Í þessu tilliti bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að áfrýjunarréttur, *Frostatting Lagmannsrett*, felldi 9. október 1997 dóm, sem birtur var í LF-1997-671, þess efnis að við breytingu á fyrirtæki úr „kommandittelskap“ í „aksjeselskap“ („North West Terminalen AS“) skyldi greitt stimpilgjald. Dómstóllinn vísaði um þetta til áður nefndra umburðarbréfa dómsmálaráðuneytisins og tollstjóraembættisins og lýsti yfir að samkvæmt lögum um stimpilgjald skyldi greiða þessi gjöld nema kveðið væri á um annað í lögnum sjálfum eða ákvæðum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra. Þar eð nýja fyrirtækið væri annar lögaðili en hinn upprunalegi skipti ekki máli þótt sömu eigendur væru að nýja fyrirtækinu og að þannig væri eina raunverulega breytingin fölgín í félagiformi þess.

Í viðbót við þetta má vísa til máls sem fjallað var um í 1. viðauka við bréf stjórnvalda í Noregi dags. 4. júní 2002, en í því tilviki synjuðu stjórnvöld í Noregi um undanþágu frá gjaldi við breytingu á fyrirtæki úr sjálfseignarstofnun („selveiende institusjon“) í almenningshlutafélag („allmenaksjeselskap“).

(v) Framsal eignarhalds frá sveitarfélagi til sérstaks lögaðila sem er í eigu sveitarfélagsins að fullu

Á fundi stjórnvalda í Noregi og Eftirlitsstofnunar EFTA 19. maí 2005 bentu Norðmenn á að samkvæmt þeim umburðarbréfum, sem voru í gildi þegar Entra var stofnað, hefði sennilega verið krafist stimpilgjalds vegna endurskipulagningar af því tagi að sveitarfélag framseldi eignarrétt á byggingu til hlutafélags í eigu sveitarfélagsins. Venjan hefði hins vegar verið sú um skeið að innheimta ekki stimpilgjald við framsal eignarréttar í tengslum við endurskipulagningu samkvæmt norskum lögum frá 29. janúar 1999 um byggðasamlög ⁽²⁶⁾.

⁽²³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA tekur mið af þeirri athugasemd stjórnvalda í Noregi í lið 4.3 í bréfinu frá 4. júní 2003 að ræða þurfi „*hvort enn beri að krefjast skráningar skjals til staðfestingar á framsali eignarréttar. Dómsmálaráðuneytið hefur tekið þetta til athugunar.*“ Staðreyndin er þó sú að svo var kveðið á í hverju umburðarbréfi stjórnvalda á fætur öðru þangað til í júní 2005 og þá var skráningarvenja aðeins breytt vegna skráninga eftir þann tíma.

⁽²⁴⁾ Þetta gildir einnig þótt fyrirtæki sem skilið hefur verið frá (B) yfirtaki nafn upprunalega fyrirtækisins (A), því að í reynd er eigandi fasteignarinnar áfram sá sami, þ.e. upprunalega fyrirtækið (A). Litið verður á þetta sem nafnbreytingu eingöngu. Sjá einnig álit norska dómsmálaráðuneytisins sem birt var í U87-4.

⁽²⁵⁾ Sbr. lið 7h) í bréfinu.

⁽²⁶⁾ Sbr. t.d. lið 3.9 í Rundskriv nr. 12/2005 S.

(vi) Framkvæmd eftir 1. júlí 2005

Þar eð nafnbreytingin var skráð í fasteignaskrá við stofnun Entra er við hæfi að bera ofangreindar reglur saman við ákvæði 3. gr. hinna umdeildu laga. Þó ber þess að geta að 21. júní 2005 gaf dómsmálaráðuneytið út nýtt umburðarbréf (G-6/05) um málsmeðferð í tengslum við framsal fasteigna við samruna, uppskiptingu og breytingu á félagiformi fyrirtækja ⁽²⁷⁾. Í umburðarbréfinu var kynnt ný málsmeðferð, sem tók gildi 1. júlí 2005, þess eðlis að við tiltekna aðstæður væri hægt að tilgreina nýjan réttihafa eignarréttar án þess að lítið væri á það sem framsal eignarréttar. Samkvæmt nýja umburðarbréfinu verður nú farið með skráningu í tengslum við uppskiptingu, sem byggist á samhengisreglunni, á sama hátt og samruna að því er varðar reglur um skráningargjöld, og því þarf ekki lengur að greiða stimpilgjald vegna slíkrar skráningar. Hið sama gildir um breytingar á félagiformi sem eiga sér stað á grundvelli reglna í 13., 14. og 15. kafla laga um hlutafélög og laga um opinber hlutafélög.

Samkvæmt nýja umburðarbréfinu ber hins vegar áfram að greiða stimpilgjald þegar framsal fasteignar á sér stað samkvæmt reglum sem byggjast ekki á samhengi (t.d. við samruna sameignarfélaga („ansvarlige selskaper“)). Sömuleiðis ber áfram að greiða stimpilgjald við breytingu á félagiformi fyrirtækja, t.d. við breytingu úr sameignarfélagi í hlutafélag.

5 Önnur endurskipulagning ríkisfyrirtækja

Eins og fram kemur í bréfi stjórnvalda í Noregi dags. 4. júní 2003 hafa ákvæði um endurskipulagningu ýmissa annarra stofnana verið svipuð hinum umdeildu lögum (Posten AS, NSB AS, Mesta AS, Avinor AS, Telenor AS og heilbrigðisstofnanir) ⁽²⁸⁾.

Í þessu tilliti bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að endurskipulagning hefur farið fram í öðrum tilvikum án þess að beitt hafi verið ákvæði á borð við að sem er að finna í hinum umdeildu lögum. Stofnuninni er meðal annars kunnugt um að BaneTele AS, Secora AS og Statkraft AS voru endurskipulögð án þess að slíkt ákvæði hafi verið notað.

BaneTele AS annast rekstur breiðbands um ljósleiðara í öllu landinu. Um er að ræða hlutafélag sem var stofnað 1. júlí 2001. Fram að því var starfsemin í höndum ríkisjárnbrautanna („Jernbaneverket“). BaneTele er hlutafélag sem er að fullu í eigu norska ríkisins og heyrir undir viðskipta- og iðnaðarráðuneytið. Stjórn ríkisjárnbrautanna rekur járnbrautakerfi landsins fyrir hönd samgönguráðuneytisins. Frumvarp um stofnun hlutafélagsins BaneTele var lagt fyrir lög-gjafarþingið með St.prp. nr. 80 (2000–2001) *Omdanning av BaneTele til aksjeselskap* ⁽²⁹⁾ og Ot.prp. nr. 93 (2000–2001) *Om lov om omdanning av Jernbaneverkets kommersielle televirksomhet til aksjeselskap* ⁽³⁰⁾. Í Ot.prp. nr. 93 (2000–2001) og hinum samþykktu lögum (lögum frá 15. júní 2001) er ekkert ákvæði sem svarar til 3. gr. hinna umdeildu laga.

Secora AS er sérhæft verktakafyrirtæki á sviði uppbyggingar örugga og hagkvæmra hafna og siglingaleiða. Um er að ræða hlutafélag sem var stofnað 1. janúar 2005. Fram að því var starfsemin í höndum framleiðsluleidar norsku siglingastofnunarinnar („Kystverket“). Secora AS er að fullu í eigu norska ríkisins og heyrir undir sjávarútvegs- og strandráðuneytið. Norska siglingastofnunin er opinber stofnun sem hefur með höndum málefni stranda og öryggi og samgöngur á sjó. Frumvarp um stofnun Secora AS var lagt fyrir lög-gjafarþingið með St.prp. nr. 1 (2004–2005) *Om omdanning av Kystverkets produksjonsvirksomhet til statlig aksjeselskap m.m.* ⁽³¹⁾ og Ot.prp. nr. 20 (2004–2005) *Om lov om omdanning av Kystverkets produksjonsvirksomhet til statsaksjeselskap* ⁽³²⁾. Í Ot.prp. nr. 20 (2004–2005) og hinum samþykktu lögum (lögum frá 17. desember 2004) er ekkert ákvæði sem svarar til 3. gr. hinna umdeildu laga.

⁽²⁷⁾ „Rundskriv G-6/05: Den tinglysingsmessige fremgangsmåten når fast eiendom blir overført i forbindelse med fusjon, fisjon og omdanning“. Umburðarbréfið má finna á vefsetri dómsmálaráðuneytisins: <http://odin.dep.no/jd/norsk/dok/regelverk/rundskriv/012081-250018/dok-bn.html>.

⁽²⁸⁾ Að því er endurskipulagningu sumra fyrirtækjanna varðar eru engar ástæður gefnar fyrir undanþágum í undirbúningskjölunum. Í öðrum tilvikum er farið með ákvæði sem frávik frá venjulegum reglum um skráningargjöld. Ennfremur er tekið fram að ákvæðið samsvari líkum ákvæðum sem gilda um breytingu á félagiformi annarra ríkisfyrirtækja í almenn hlutafélag. Loks er oft bætt við að umrætt ákvæði svari til nálgunar sem notuð er við framsal fasteignar við samruna almennra hlutafélaga og banka.

⁽²⁹⁾ Sjá <http://odin.dep.no/repub/00-01/stprp/80>.

⁽³⁰⁾ Sjá <http://odin.dep.no/repub/00-01/otprp/93>.

⁽³¹⁾ Sjá <http://odin.dep.no/filarkiv/226433/STP0405001-T06-TS.pdf>.

⁽³²⁾ Sjá <http://odin.dep.no/repub/04-05/otprp/20>.

Statkraft AS er helsti raforkuframleiðandi í Noregi. Um er að ræða hlutafélag sem var stofnað 1. október 2004. Fyrirtækið var áður ríkisfyrirtæki („Statsforetak (SF)“) og ríkisfyrirtækið Statkraft SF er enn til og er formlegur eigandi Statkraft AS. Fyrsta frumvarpið um stofnun hlutafélags var lagt fyrir löggjafarþingið með St.meld. nr. 22 (2001–2002) *Et mindre og bedre statlig eierskap* ⁽³³⁾ og síðar St.prp. nr. 53 (2003–2004) *Statens eierskap i Statkraft SF* ⁽³⁴⁾ og Ot.prp. nr. 63 (2003–2004) *Om lov om omorganisering av Statkraft SF* ⁽³⁵⁾. Í St.prp. nr. 53 (2003–2004) lýstu stjórnvöld yfir að endurskipulagningunni fylgdi að Statkraft AS þyrfti að greiða skráningargjöld (byggt er á óopinberri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á ensku) „í samræmi við almennar reglur laganna“ um skráningargjöld, og að sá kostnaður myndi minnka tekjuafgang fyrirtækisins og þar með rýra grundvöll fyrir arðgreiðslum. Skráningargjöldin voru áætluð 1 500 milljónir NOK (um 188 milljónir evra) ⁽³⁶⁾.

II. MAT

1. Hvort um ríkisaðstoð er að ræða

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Eigi tiltekin ráðstöfun að teljast ríkisaðstoð samkvæmt 1. mgr. 61 gr. EES-samningsins þarf eftirtöldum fjórum skilyrðum að vera fullnægt:

1. Aðstoðin verður að koma frá ríkinu eða vera veitt af ríkisfjármunum
2. Aðstoðin verður að færa viðtakendum ávinning sem lækkar kostnað sem þeir bera að jafnaði af viðskiptum sínum.
3. Ávinningurinn verður að vera sérstakur eða sértækur að því leyti að hann ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara.
4. Aðstoðin verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn komst hún að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að öllum ofangreindum skilyrðum væri fullnægt, en stjórnvöld í Noregi hafa á móti haldið því fram að engu þeirra hafi verið fullnægt ⁽³⁷⁾. Eftirlitsstofnun EFTA verður því að rannsaka undanþáguna frá stimpilgjaldi í ljósi dómaframkvæmdar í því skyni að ganga úr skugga um hvort í henni felist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.1 Aðstoðin verður að koma frá ríkinu eða vera veitt af ríkisfjármunum

Að því er varðar fyrsta skilyrðið hér á undan er það viðtekin dómaframkvæmd ⁽³⁸⁾ að því sé fullnægt þegar af ráðstöfun leiðir fjárhagslega byrði fyrir opinbera sjóði, beint eða óbeint.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA ákvað að hefja formlega rannsókn komst hún að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að af ákvæðum 3. gr. hinna umdeildu laga leiddi að ekki skyldi greiða stimpilgjald sem greitt hefði verið að öðrum kosti. Þessi undanþága frá stimpilgjaldi leiddi af sér beint tap norska ríkisins á skatttekjum og jafngilti þannig að gengið væri á ríkisfjármuni. Af þessum sökum var það bráðabirgðaniðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að fyrsta skilyrðinu væri fullnægt.

⁽³²⁾ Sjá <http://odin.dep.no/nhd/norsk/dok/regpubl/stmeld/024001-040006/dok-bn.html>

⁽³⁴⁾ Sjá <http://odin.dep.no/filarkiv/208116/STP0304053-TS.pdf>.

⁽³⁵⁾ Sjá <http://odin.dep.no/filarkiv/207892/OTP0304063-TS.pdf>.

⁽³⁶⁾ Á norsku er textinn sem hér segir: „Den foreslåtte omorganiseringen av Statkraft vil medføre at det påløper dokumentavgift til staten, jf Stortingets vedtak om dokumentavgift § 1 første ledd. Utgiften vil være i størrelsesorden 1,5 milliarder kroner. Departementet legger til grunn at Statkraft betaler dokumentavgift i tråd med lovens normalordning. Utgifter til dokumentavgift vil redusere overskuddet til selskapet og dermed også utbyttegrunnlaget.“

⁽³⁷⁾ Bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 16. september 2004.

⁽³⁸⁾ Sbr. sameinuð mál 67/85, 68/85 og 70/85 *Van der Kooy gegn framkvæmdastjórninni* [1988] ECR 219, mál C-290/83 *Framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi* [1985] ECR 439, mál C-482/99 *Ljóðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórninni* [2002] ECR I-4397, mál C-379/98 *Preussen Elektra AG gegn Schleswig AG* [2001] ECR-I 2099.

Stjórnvöld í Noregi heldu því hins vegar fram ⁽³⁹⁾, í umsögn sinni um ákvörðunina um að hefja rannsókn, að þar sem Entra hefði aldrei verið gert skylt að greiða stimpilgjald (vegna þess að „í þessu tilviki átti framsal eignarréttar sér stað með nafnbreytingu en ekki með framsali eignarréttar“) hefði ekki verið um tap á skatttekjum að ræða og þannig hefði ekki verið gengið á ríkisfjármuni.

Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki tekið undir þessi rök. Ávinningur í mynd skattundanþágu, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. 61. gr., er að jafnaði veittur með beinni undanþágu. Í 1. mgr. 61. gr. er áherslan þó á áhrif lagakerfa einstakra ríkja, en ekki formsatriðin að baki þeim, og þess vegna taka ákvæðin einnig til þeirra aðstæðna að skattundanþága er veitt óbeint með tilvísun til tiltekins lagahugtaks (í þessu tilviki „nafnbreytingar“) með þeim afleiðingum að ekki þarf að greiða skatt. Í báðum tilvikum, og með tilvísun til málsins sem hér er til athugunar, eru áhrifin þau að skráning í fasteignaskrá án þess að skylt væri að greiða skráningargjöld gat aðeins farið fram á grundvelli hins sérstaka lagaákvæðis. Gjaldfrjáls skráning hefði ekki getað farið fram nema vegna þess.

Í þingfrumvarpinu ⁽⁴⁰⁾ lýstu stjórnvöld í Noregi yfir að alls óvíst væri að greiða þyrfti stimpilgjald vegna framsals eigna frá Statsbygg til Entra. Eins og fram kemur í undirkafla 1.2 hér á eftir hafa stjórnvöld þó ekki sýnt með óyggjandi hætti að skráning á framsali eigna frá ríkinu til Entra hefði getað notið undanþágu frá stimpilgjaldi nema vegna hins sérstaka ákvæðis 3. gr. laga frá 18. febrúar 2000. Í norskum lögum voru engin önnur ákvæði sem kváðu skýrt á um að slík ráðstöfun væri undanþegin hinn almennu reglu að stimpilgjald sé greitt þegar breyting á eignarhaldi er skráð. Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki heldur skilið með hvaða hætti endurskipulagning Statsbygg hefði getað notið undanþágu samkvæmt lögum um þinglýsingu eins og þau voru túlkuð á þessum tíma – nema vegna hins sérstaka ákvæðis 3. gr. laga frá 18. febrúar 2000.

Því er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að fyrsta skilyrðinu sé fullnægt.

1.2 Ráðstöfunin verður að vera sérstök eða sértæk að því leyti að hún ívilni „ákvæðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákvæðinna vara“

1.2.1 Efnislega sértæk ráðstöfun

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn var það bráðabirgðaniðurstaða hennar að lagasetning, sem veitir undanþágu frá stimpilgjaldi (aðeins einu fyrirtæki (Entra)), skuli teljast sértæk ráðstöfun.

Með tilvísun til áðurnefndra röksemda um samhengisregluna hafa stjórnvöld í Noregi hins vegar haldið því fram að sú aðferð að nota nafnbreytingu við framsal eignarréttar hafi ekki verið frávik frá hinu almenna skattkerfi í raun. Af þeim sökum hafi verið um almenna ráðstöfun að ræða.

Eftirlitsstofnun EFTA vísar til kafla 17B í leiðbeiningum stofnunarinnar um ríkisaðstoð, þar sem fjallað er um beina skattlagningu fyrirtækja, nánar tiltekið undirkafla 17B.3.1 sem lýtur að því hvort skattaráðstafanir séu sérstakar eða sértækar:

„Skattaráðstafanir, sem eiga við um alla atvinnurekendur í EFTA-ríki, teljast að meginreglu til vera almennar ráðstafanir. Að þeim skulu öll fyrirtæki í raun eiga jafnan aðgang og ekki er heimilt að takmarka gildissvið þeirra í reynd, t.d. á þann hátt að ríkinu sé í sjálfsvald sett að veita slíka aðstoð, eða með öðrum aðgerðum sem takmarka hagnýt áhrif þeirra.“

Hin umdeildu lög gilda aðeins um tiltekin viðskipti milli Statsbygg og Entra. Að visu hafa svipuð lög verið samþykkt við stofnun annarra hlutafélaga í eigu ríkisins (sjá I. hluta hér á undan). Af þeirri staðreynd að svipaðar reglur hafa verið settar í tengslum við ýmsa aðra einkavæðingu ríkisins leiðir hins vegar ekki að þau sérlög, sem hér eru til athugunar, teljist ekki sértæk.

⁽³⁹⁾ Bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 16. september 2004.

⁽⁴⁰⁾ St.prp. nr. 84 (1998–1999) „Om ny strategi for Statsbygg og etablering av Statens utleiebygg AS“. Lagt fram 4. júní 1999.

Í fyrsta lagi verður að hafa í huga að dæmi eru um aðra endurskipulagningu ríkisfyrirtækja sem ekki voru sett um svipuð ákvæði og í hinum umdeildu lögum. Þegar BaneTele AS ⁽⁴¹⁾ var stofnað fékk hið nýja hlutafélag til að mynda ekki undanþágu frá skráningargjöldum. Hið sama á við um stofnun Secora AS ⁽⁴²⁾. Við endurskipulagningu Statkraft lýstu stjórnvöld í Noregi yfir að fyrirtækinu bæri að greiða skráningargjöld í samræmi við venjulegar reglur ⁽⁴³⁾.

Í öðru lagi er það svo, hvað sem öðru líður, að sé í skattalöggjöf gert ráð fyrir hagfelldari meðferð við endurskipulagningu ríkisfyrirtækja en einkafyrirtækja er slík löggjöf sértæk í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Það var hins vegar grundvallarregla laga um stimpilgjöld að allt framsal eignarréttar frá einum lögaðila til annars væri stimpilgjaldsskyld, óháð því hvort nýr eigandi ræki áfram sömu starfsemi og hinn fyrri. Eins og komið hefur fram var málum svo hátt að þangað til í júlí 2005 að bæði umburðarbréf dómsmálaráðuneytisins frá 1990 og ýmis umburðarbréf tollstjóraembættisins höfðu aðeins að geyma eina undanþágu frá þessari reglu sem máli skipti. Í hvorumtveggju umburðarbréfunum kom ótvírætt fram að aðeins þegar eignarhald væri framselt við samruna hlutafélaga leiddi af sjónarmiðum um samhengi að skrá mætti nýjan réttthafa eignarréttar með nafnbreytingu, í stað breytingar á eignarrétti sem var stimpilgjaldsskyld. Aftur á móti var skyld að greiða stimpilgjald við skráningu í fasteignaskrá á framsali eignarhalds í tengslum við uppskiptingu, breytingu á félagaformi fyrirtækja, breytingu úr sameign í sameignarfélag og framsal á eignarhaldi frá sveitarfélagi til sérstaks lögaðila í eigu sveitarfélagsins ⁽⁴⁴⁾. Þetta kom einnig skýrt fram í áðurnefndum dómi Frostating lagmannsrett, en þar var úrskurðað að greiða skyldi skráningargjöld þegar félagi með ótakmarkaðri ábyrgð („kommandittselskap“) væri breytt í hlutafélag, enda þótt eigendur nýja fyrirtækisins væru hinir sömu og áður og eina raunverulega breytingin væri fólgin í rekstrarformi fyrirtækisins.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að stofnun Entra geti ekki talist hliðstæð samruna. Hún líkist frekar annaðhvort uppskiptingu, breytingu úr einum lögaðila í annan eða breytingu á tiltekinni starfsemi sveitarfélags í sérstakan lögaðila. Um það leyti sem Entra var stofnað var þannig ekki vól á undanþágum frá skráningargjöldum í líkingu við þær, sem kveðið er á um í 3. gr. hinna umdeildu laga, vegna viðskipta af því tagi sem helst er að leita samanburðar við.

Af þessum sökum getur 3. gr. hinna umdeildu laga ekki talist rýmkun á þegar gildandi almennri (ekki sértækri) reglu um undanþágu frá greiðslu vegna tiltekinna tegunda af framsali eignarréttar í fasteignaskrá. Af því leiðir að ráðstöfunin var efnislega sértæk.

1.2.2 Er unnt að réttlæta undanþágu frá stimpilgjaldi með eðli eða uppbyggingu skattkerfisins?

Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna ⁽⁴⁵⁾ er unnt að gera greinarmun á eftirtöldu:

- Mismunandi meðferð sem er afleiðing þess að í sérstökum tilvikum er beitt sömu sjónarmiðum og liggja til grundvallar hinum venjulegu reglum (engin aðstoð)
- Mismunandi meðferð sem felur í sér að tilteknum fyrirtækjum er ívilnað og þannig vikið frá grunnrökum venjulegra reglna (aðstoð) ⁽⁴⁶⁾

Þessi greinarmunur kemur einnig fram í kafla 17B í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, þar sem fjallað er um beina skattlagningu fyrirtækja, nánar tiltekið 1. mgr. undirkafla 17B.3.4 sem lýtur að réttlætningu á undanþágu eftir „eðli eða almennu fyrirkomulagi kerfisins“: „Mismunandi eðli ákveðinna ráðstafana þýðir ekki endilega að líta beri á þær sem ríkisaðstoð. Þetta á við þegar um er að ræða ráðstafanir sem eru nauðsynlegar í efnahagslegu tilliti

⁽⁴¹⁾ Lög frá 15. júní 2001 „Om omdanning av Jernbaneverkets kommersielle televirksomhet til aksjeselskap“.

⁽⁴²⁾ Lög frá 17. desember 2004 „Om omdanning av Kystverkets produksjonsvirksomhet til statsaksjeselskap“.

⁽⁴³⁾ Á norsku er textinn sem hér segir: „Departementet legger til grunn at Statskraft betaler dokumentavgift i tråd med lovens normalordning.“

⁽⁴⁴⁾ Sjá undirkafla I.4.

⁽⁴⁵⁾ Sjá í þessu tilliti mál 173/73 *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [1974] ECR 709 (33. mgr.) og mál C-75/97 *Konungsríkið Belgía gegn framkvæmdastjórninni* [1999] ECR bls. I-3671.

⁽⁴⁶⁾ Sbr. m.a.: sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil, Píl og Konungsríkið Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, dómur frá 21. júlí 2005 (82.–85 mgr.), mál 173/73 *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [1974] ECR 709 (33. mgr.); mál C-143/99 *Adria Wien Pipeline* [2001] ECR I-8365 (42. mgr.), mál C-157/01 *Konungsríkið Holland gegn framkvæmdastjórninni*, sem vísað er til hér á undan (42. mgr.) og mál C-308/01 *GIL Insurance Ltd*, sem vísað er til hér á undan.

til að tryggja snurðulausa starfsemi og skilvirkni skattkerfisins). Þó hvílir það á EFTA-rikinu að rökstyðja slíkar ráðstafanir.“ Dómstóll Evrópubandalaganna hefur staðfest síðastnefnda sönnunarreglu ⁽⁴⁷⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa fært þau rök að „þó að Eftirlitsstofnun EFTA telji aðferðina (að nota nafnbreytingu sem aðferð við framsal eignarréttar án þess að gera skylt að greiða stimpilgjald) undanþágu frá meginreglunni, er hún réttlæt看leg með vísan til eðlis eða uppbyggingar skattkerfisins“. Stjórnvöld í Noregi studdu þessa afstöðu með því að af samhengisreglunni og sjónarmiðum um skilvirka beitingu hennar, meðal annars með tilliti til stimpilgjalds í málinu sem hér er til athugunar, leiddi að undanþága frá stimpilgjaldi væri í samræmi við grunnrök og eðli viðkomandi norskra laga. Að þeirra dómi endurspegluðu hin umdeildu lög samhengisregluna og samræmdust almennum reglum um endurskipulagningu fyrirtækja.

Eftirlitsstofnun EFTA gerir þá athugasemd við þetta að málið, sem hér er til athugunar, varðar gildissvið samhengisreglunnar með tilliti til skyldu til að greiða stimpilgjald, en ekki gildissvið reglunnar sem slíkrar, meðal annars hvernig henni er beitt í félagarétti.

Á grundvelli greiningarinnar á reglum um skráningargjöld í undirkafla I.4. hér á undan er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að þótt samhengisreglan kunni að hafa skipað mikilvægan sess í norskum lögum um það leyti sem Entra var stofnað hafi hún á þeim tíma ekki verið fastur og almennur hluti af reglum og venjum varðandi skráningargjöld í tengslum við aðrar tegundir endurskipulagningar á fyrirtækjum.

Eins og fram hefur komið var málum þannig háttáð þar til í júlí 2005 að aðeins þegar eignarhald var framselt við samruna hlutafélaga leiddi af sjónarmiðum um samhengi að skrá mætti nýjan réttihafa eignarréttar með nafnbreytingu, í stað breytingar á eignarrétti sem var stimpilgjaldsskyld. Aftur á móti var skylt að greiða stimpilgjald við skráningu í fasteignaskrá á framsali eignarhalds í tengslum við uppskiptingu, breytingu á félagaformi fyrirtækja, breytingu úr sameign í sameignarfélag og framsal á eignarhaldi frá sveitarfélagi til sérstaks lögaðila í eigu sveitarfélagsins ⁽⁴⁸⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa lýst yfir að rökin fyrir undanþágu frá almennu reglunni um stimpilgjald megi rekja til samhengisreglunnar. Þau hafa hins vegar ekki skýrt rökin fyrir því að beita mismunandi meðferð í tengslum við ofangreindar tegundir framsals. Þvert á móti hafa þau aðeins sagt að í reynd væri rökréttara að fara eins með samruna og ýmsar aðrar aðferðir við endurskipulagningu. Þó var það ekki fyrr en í júlí 2005, um fimm árum eftir stofnun Entra, að túlkun laga um stimpilgjald var breytt á þann veg að meðferð var færð í svipað horf í ýmsum mismunandi tilvikum. Af þessum sökum telur Eftirlitsstofnun EFTA torvelt að koma auga á nokkur önnur rök fyrir þeirri túlkun laga um stimpilgjald, sem var við lýði þegar Entra var stofnað, en þau sem fram koma í hinum tilvitnuðu umburðarbréfum, þ.e. að skráningargjöld, sem að öðru leyti er skylt að greiða, falli aðeins niður við samruna hlutafélaga. Beiting samhengisreglunnar í tengslum við lög um stimpilgjald var bundin við slík tilvik og á ekki við annars staðar eins og fram hefur komið.

Eftirlitsstofnun EFTA telur, eins og fram kemur í undirkafla 1.2.1, að stofnun Entra svipi mun meira til aðstæðna þar sem skráning í fasteignaskrá var gjaldskyld á þessum tíma en til aðstæðna sem leiddi ekki til gjaldskyldu. Á þeim grundvelli getur stofnunin ekki séð að réttlæta megi undanþágu hinna umdeildu laga með vísan til eðlis og grunnraka norskra reglna um stimpilgjald á þeim tíma sem undanþágan var veitt. Engu breytir um þetta mat þótt veitt hafi verið undanþága frá stimpilgjaldi við svipaða endurskipulagningu opinberra fyrirtækja. Tilvísun til markmiðanna að baki samhengisreglunni réttlætir ekki undanþágu frá almennu reglunni um skráningargjöld við endurskipulagningu tiltekinnna fyrirtækja ef sú endurskipulagning einkafyrirtækja, sem helst er að leita samanburðar við, nýtur ekki svipaðrar undanþágu.

⁽⁴⁷⁾ Sbr. t.d. mál C-157/01 *Konungsríkið Holland gegn framkvæmdastjórninni*, sem vísað er til hér á undan, 43. mgr.

⁽⁴⁸⁾ Sjá undirkafla I.4.

1.2.3 „Ítalska málið“

Stjórnvöld í Noregi hafa vísað til ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og haldið því fram að efnislegar aðstæður málsins, sem þar var til athugunar, séu hinar sömu og í Entra-málinu.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. júní 2002 ⁽⁴⁹⁾ tók framkvæmdastjórnin til athugunar ítölsk lagaákvæði um sérstaka skattatilhögun fyrir hlutafélög sem eru að meirihluta í almenningseigu og lúta sérstökum lögum. Í ítölsku lögnum var kveðið sérstaklega á um undanþágu frá öllum gjöldum vegna framsals í tengslum við breytingu á einkafyrirtækjum og fyrirtækjum sveitarfélaga í hlutafélög („undanþága frá framsalsgjaldi“). Samkvæmt ítölskum lögum var að jafnaði skylt að greiða framsalsgjöld við stofnun nýrrar rekstrareiningar eða framsal eigna milli mismunandi rekstrareininga. Ítölsk stjórnvöld lýstu hins vegar yfir að í ítalskri löggjöf gildi almennt meginreglan um skatthlutleysi (þ.e. gjaldfrelsi) þegar um breytingu á félagiformi fyrirtækis er að ræða (þ.e. „þegar lögformleg staða fyrirtækis breytist en staða þess í efnahagslegu tilliti er óbreytt“) ⁽⁵⁰⁾.

Framkvæmdastjórnin taldi að enda þótt svo virtist sem niðurlagning fyrirtækis í eigu sveitarfélags og stofnun „nýs“ hlutafélags jafngilti stofnun nýrrar rekstrareiningar væri svo aðeins vegna lagalegra formsatriða. Í reynd væri nýja hlutafélagið sama rekstrareiningin og fyrirtækið sem var í eigu sveitarfélagsins þó að það hefði aðra lögformlega stöðu. Með tilliti til þessa féllst framkvæmdastjórnin á að hinna almennu reglu ítalskra laga um skatthlutleysi væri beitt á hliðstæðan hátt í tengslum við aðstæður sem falla undir hina sérstöku skattatilhögun. Af þeim sökum félli ekkert framsalsgjald til ⁽⁵¹⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA leggur þann skilning í röksemdir framkvæmdastjórnarinnar að þegar landslög varðandi stimpilgjöld, sem eru lögð á við breytingu á félagiformi einkafyrirtækja, byggjast á almennri reglu um skatthlutleysi – þannig að áherslan er á samhengi í starfsemi einnar og sömu rekstrareiningar fremur en hvort lögaðilinn er áfram sá sami – sé það í samræmi við rök að baki slíkri skattatilhögun að sama meginregla gildi þegar ríki eða sveitarfélag skilur frá rekstrareiningu, sem áður hefur verið rekin sem hluti af ríkinu eða sveitarfélaginu, og breytir henni í sérstakan lögaðila.

Eftirlitsstofnun EFTA er fyllilega sammála þessu sjónarmiði. Hins vegar verður að meta rökin að baki hverju skattakerfi á eigin forsendum. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar byggðist á því að í ítölskum lögum var að finna heimild til undanþágu frá framsalsgjaldi við breytingu á félagiformi fyrirtækja. Í norskum lögum var enga slíka heimild að finna ef miðað er við túlkun og beitingu skattfyrivalda á þeim. Framkvæmdin er þannig í raun, eins og fram hefur komið, að í tilvikum þar sem einkafyrirtæki voru endurskipulögð á sambærilegan hátt og Entra (með uppskiptingu eða breytingu á félagiformi) var ekki veitt undanþága frá skráningargjöldum. Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að efnislegar aðstæður í málunum tveimur séu ólíkar. Þótt samhengisreglunnar kunní að hafa gætt á öðrum sviðum norskra laga, einkum í félagarétti og löggjöf um beina skattlagningu viðkomandi rekstrareiningar, er ekki hægt að taka mið af því við mat á því hvort hinum ítölsku aðstæðum svipti til hinna norsku.

1.2.4 Niðurstaða að því er varðar hvort ráðstöfun var sértæk

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er sú að ráðstöfunin hljóti að teljast sértæk í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og að tilvisanir í eðli og grunnrök norskra reglna um skráningargjöld breyti engu um það.

1.3 Ráðstöfunin verður að færa viðtakendum ávinning sem lækkar kostnað sem þeir bera að jafnaði af viðskiptum sínum

Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna ⁽⁵²⁾ og öðrum undirlið 2. mgr. undirkafla 17B.3 í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð verður ráðstöfun „að vera styrkþegum til hagsbóta þannig að dragi úr útgjöldum sem alla jafna íþyngja fjárhag

⁽⁴⁹⁾ Mál C 27/99, birt í Stjtið. ESB L 77, 24.3.2003, bls. 21.

⁽⁵⁰⁾ Sbr. 37. mgr. ákvörðunarinnar.

⁽⁵¹⁾ Sbr. 76.–81. mgr. ákvörðunarinnar.

⁽⁵²⁾ Sbr. mál 173/73 *Italia gegn framkvæmdastjórninni* [1974] ECR 709.

þeirra. Slíkar hagsbætur kunna að felast í því að skattbyrði fyrirtækisins er lækkuð á ýmsan hátt, m.a.: " ... „með því að lækka að öllu leyti eða að hluta til fjárhæð skatts (svo sem undanþága eða skattafrádráttur)".

Með samþykkt ákvæðisins í 3. gr. hinna umdeildu laga var Entra leyst undan greiðslu skráningargjalda að fjárhæð um 81 milljónar NOK (um 10 milljóna evra). Í undirköflum 1.1 og 1.2 hér á undan hefur verið sýnt fram á að fyrirtækið hefði að öðrum kosti þurft að greiða þessi gjöld. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tók ákvörðun um að hefja formlega rannsókn varð það af þessum sökum bráðabirgðaniðurstaða hennar að Entra hefði notið ávinnings í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stjórnvöld í Noregi hafa hins vegar haldið því fram að þessu skilyrði hafi ekki verið fullnægt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hafi undanþágan ekki veitt Entra betri samkeppnisstöðu en einkafjárfestum. Í öðru lagi hefði fjármagnsskipan, greiðsluhæfi og heildarverðmæti fyrirtækisins haldist óbreytt þótt stimpilgjald hefði verið greitt. Eftirlitsstofnun EFTA mun hér á eftir fjalla um þessar röksemdir hvora um sig.

1.3.1 Samanburður við einkafyrirtæki

Eins og fram kemur í undirkafla I.3.1 hér á undan héldu stjórnvöld í Noregi því fram í þingfrumvarpinu að einkaeigandi gæti tekið þann kost að framselja ekki eignarréttinn en halda honum til dæmis eftir í eignarhaldsfélagi við stofnun nýs fyrirtækis. Að sögn stjórnvalda í Noregi verður ríkið að framselja fasteignirnar til nýs fyrirtækis. Þannig telja stjórnvöld að ekki verði samkeppnisröskun þótt Entra sé veitt undanþága frá stimpilgjöldum.

Samkvæmt dómum undirréttar EB leiða ráðstafanir, sem gerðar eru til að losa opinbert fyrirtæki við skipulagslegt óhagræði sem það hefur í samanburði við einkarekna keppinauta, ekki alltaf af sér ávinning í skilningi 1. mgr. 87. gr. Rómarsamningsins (sem samsvarar 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins) ⁽⁵³⁾. Markmiðið með 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er fyrst og fremst að hindra að tiltekin fyrirtæki njóti ávinnings, og hugtakið aðstoð nær eingöngu til hagsbóta eða útgjaldalækkunar sem að jafnaði er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrirtækis og lítið er á sem fjárhagslegan ávinning sem viðtakandi hefði ekki notið við eðlilegar markaðsaðstæður. Eftirlitsstofnun EFTA tekur þó ekki undir þau rök stjórnvalda í Noregi að samanburður við einkafyrirtæki sýni að Entra hafi ekki haft ávinning af undanþágu frá skráningargjöldum.

Fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið með einkavæðingu ríkisfyrirtækja, geta beitt sömu aðferðum og einkaeigandi til þess að losna undan stimpilgjaldi. Það skipulagslega óhagræði, sem stjórnvöld í Noregi töldu hafa verið fyrir hendi, var ekki af lagalegum toga. Ákvæði norskra laga hefðu ekki staðið í vegi fyrir því að Entra væri stofnað og eignir framseldar til fyrirtækisins án skráningar í fasteignaskrá. Jafnframt hefðu Entra og stjórnvöld í Noregi getað gert sömu varúðarráðstafanir og einkafyrirtæki. Ástæða þess að þessi leiðir var ekki farin í tengslum við Statsbygg og Entra var einfaldlega sú að stjórnvöld í Noregi töldu að óhagræði af slíkum aðferðum, með tilliti til stjórn mála, rekstrar og framkvæmdar, væri svo mikið að Entra ætti að verða hinn nýi rétthafi eignarréttar.

Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA geta slík sjónarmið ekki leitt til þeirrar niðurstöðu að Entra hafi ekki haft ávinning af undanþágu frá stimpilgjaldi. Þetta er ljóst þegar af þeirri ástæðu að leiðir, sem unnt er að fara til að komast hjá skráningargjöldum, byggjast allar á því að skrá ekki framsal eignarhalds (halda eignarréttinum eftir). Sé eignarrétturinn („grunnbokshjemma“) ekki framseldur kemur stimpilgjald ekki til greiðslu. Ef einkafyrirtæki framselja ekki eignarréttinn njóta þau þó ekki verndarinnar sem skráningin felur í sér, en Entra naut þeirrar verndar. Slíkar aðferðir jafngilda því ekki aðferðinni sem var viðhöfð í málinu, sem hér er til athugunar, þar sem Entra varð nýr rétthafi eignarréttar.

Jafnvel þótt svo hefði verið getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki heldur fallist á að hinn meinti skipulagslegi vandi norska ríkisins sé í grundvallaratriðum ólíkur því sem blasir við einkafyrirtækjum. Rétt kann að vera að sé eignarréttur ekki framseldur geti það að sumu leyti valdið fyrirtæki í opinberri eigu meira óhagræði en einkafyrirtæki. Að áliti stofnunarinnar ber þó að greina atriði

⁽⁵³⁾ Sbr. mál T-157/01 *Danske Busvognmænd* gegn *frankvæmdastjórninni*, dómur frá 16. mars 2004, 57. mgr.

sem varða tengslin milli fyrrverandi og núverandi eiganda fasteignar frá umræðum sem varða skráningu í fasteignaskrá. Sú skráning hefur að jafnaði ekki áhrif á tengslin milli lögaðilanna tveggja og skiptir aðeins máli gagnvart þriðja manni. Skráning getur þannig verið mikilvæg fyrir kaupanda til þess að koma í veg fyrir að þriðji maður, sem kaupir fasteignina í góðri trú síðar frá fyrra eiganda, öðlist forgangsrétt til fasteignarinnar. Skráningin veitir einnig mikilvæga vernd gegn lánardrottnum fyrra eiganda og getur haft áhrif á láns hæfi kaupanda. Í öllum slíkum tilvikum felur það í grundvallaratriðum í sér sama óhagræði fyrir einkafyrirtæki og fyrirtæki í opinberri eigu að skrá ekki gjörning í fasteignaskrá. Aðferðirnar, sem hér hefur verið lýst, geta raunar að sumu leyti verið óhagstæðari einkareknum fyrirtækjum en opinberum, þar sem yfirlýsing um takmörkun á eignarhaldi kemur ekki í veg fyrir hættu á fullnustumeðferð, svo sem riftun lánadrottins eða skiptastjóra þrotabús á rétti löglegs arftaka til eigna skuldunautar.

Eftirlitsstofnun EFTA vill að lokum láta það koma skýrt fram að stjórnvöld í Noregi hafi ekki sýnt fram á að öruggt sé að einkaaðili tæki þann kost að framselja ekki eignarréttinn. Norðmenn hafa aðeins fært rök fyrir því að við svipaðar aðstæður væri líklegra en ekki að einkafyrirtæki færi þá leið að þinglýsa ekki yfirfærslu eignarréttarins.

1.3.2 Röksemdir varðandi upphafsjöfnuðinn

Eins og áður hefur komið fram hafa stjórnvöld í Noregi haldið því fram⁽⁵⁴⁾ að skoða beri undanþágu frá stimpilgjaldi og upphafsefnahagsreikning fyrirtækisins í samhengi. Þau telja að ráðstöfunin, sem um ræðir, hafi ekki breytt fjármagnsskipan, greiðsluhæfi eða heildarverðmæti fyrirtækisins. Í fræðilegum skilningi má líta svo á að hefðu skráningargjöld talist áfallin í upphafsefnahagsreikningnum hefði verið um nýjan upphafsjöfnuð að ræða þar sem andvirði fasteignanna hefði verið lækkað sem nam stimpilgjaldinu.

Á það var bent í undirkafla 1.2 hér að framan að samkvæmt venjulegum reglum norska skattkerfisins hefði Entra borið skylda til að greiða stimpilgjald. Af því leiðir að gjaldstofn stimpilgjalds er viðskiptaverð milli seljanda og kaupanda, án tillits til þess hvernig upphafsjöfnuður var reiknaður. Það verð og ekkert annað er eina viðmið skattfyrvalda við útreikning stimpilgjalds, hvaða hugmyndir sem kaupandi (Entra) eða seljandi (ríkið) kunna að hafa haft um umsamið verð.

Eftirlitsstofnun EFTA er í grundvallaratriðum ósammála þeirri skoðun stjórnvalda í Noregi að skattundanþágan teljist ekki ávinningur í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef undanþága frá stimpilgjaldi leiðir til breytinga á framsetningu í upphafsefnahagsreikningi Entra með þeim hætti að ávinningur af skattundanþágunni hverfi, eins og haldið er fram. Hefði 3. gr. hinna umdeildu laga ekki komið til hefði Entra verið skylt samkvæmt norskum lögum að greiða skattfyrirvöldum stimpilgjald af umsömdu kaupverði fyrir skráninguna sem fór fram, án tillits til þess hvort viðskiptaverðið hefði getað verið annað. Þetta gjald hefur ekki verið greitt og það er sá þáttur sem verið er að rannsaka í málinu sem hér er til athugunar. Framsetning upphafsefnahagsreiknings Entra í kjölfar breytinga af öðrum ástæðum, einkum hvort seljandi hefði samþykkt lægra verðmat á byggingunum ef Entra hefði greitt stimpilgjaldið, eru atriði sem ekki er unnt að taka tillit til við mat á því hvort fyrirtækið naut fjárhagslegs ávinnings eða ekki.

Þau rök stjórnvalda í Noregi, að líta beri á skattundanþáguna í ljósi þess að verðið á fasteignunum hefði orðið annað, eru byggð á því að aðstoðin, sem fólgin var í skattundanþágunni, hafi valdið Entra hreinu tapi í mynd herra verðmats á fasteignunum sem voru framseldar. Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA væri það hins vegar andstætt viðtekinni nálgun í ríkisaðstoðarmálum að taka tillit til allra hugsanlegra, beinna og óbeinna, fjárhagslegra afleiðinga aðstoðar fyrir einstakan viðtakanda. Að jafnaði er ekki heldur hægt að fallast á að taka beri tillit til fjárhagslegra áhrifa aðstoðar á samninga aðstoðarþega og annars lögaðila þegar metið er hvort og að hve miklu leyti aðstoðin telst ávinningur í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA leggur í þessu tilliti áherslu á að líta beri á norska ríkið, sem er bæði innheimtuaðili skatta og seljandi fasteignar, sem tvo mismunandi aðila þegar kemur að ríkisaðstoðarkerfinu.

⁽⁵⁴⁾ Bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 4. júní 2003, 16. september 2004 og 30. júní 2005.

Af þessum sökum getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki verið sammála stjórnvöldum í Noregi um að Entra hafi ekki notið ávinnings í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar fyrirtækið fékk undanþágu frá stimpilgjaldi en naut engu að síður þeirrar verndar sem fylgin er í skráningu í fasteignaskrá.

Í bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 4. júní 2003 segir: „Í fræðilegum skilningi má líta svo að hefði stimpilgjald og þinglýsingargjald talist áfallið í upphafsefnahagsreikningi hefði hinn nýi leiðrétti upphafsjöfnuður verið eins og lýst er í 2. viðhengi“. Í 2. viðhengi er sýndur nýr upphafsefnahagsreikningur þar sem engar breytingar hafa orðið á heildareignum og skuldum/eiginfé, en verðmæti fasteigna hefur til dæmis lækkað sem nemur fjárhæð stimpilgjaldsins. Niðurstaða ráðuneytisins er að Entra hafi ekki haft fjárhagslegan ávinning af undanþágu frá skráningargjöldum.

Ímyndaður upphafsefnahagsreikningur, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram, byggist á þeirri forsendu að kaupandinn (Entra) hefði hvorki lækkað ávöxtunarkröfu sína (9,5%) né eiginfjárlutfall (40%) ef skylt hefði verið að greiða stimpilgjald. Þetta felur í sér að ímyndaður upphafsjöfnuður byggist á því að seljandi myndi jafnan greiða 100% stimpilgjaldsins og að verðmæti bygginga í hinum nýja upphafsefnahagsreikningi yrði lækkað um nákvæmlega sömu fjárhæð og nemur stimpilgjaldinu.

Eftirlitsstofnun EFTA sér ekki ástæðu til að vefengja lögumæti núvirkisáðferðarinnar við útreikning á upphafsjöfnuði Entra. Hins vegar hefði mátt nota aðrar aðferðir, eins og sjá má af tilraunum stjórnvalda í Noregi sjálfra til að reikna út rétt verðmæti fasteignanna (sjá undirkafla I.2.2 hér á undan og hversu mikill munur var á mismunandi niðurstöðum). Þá hefði einnig mátt nota aðrar forsendur, og nýjar aðferðir og forsendur af því tagi hefðu hæglega getað leitt til þeirrar niðurstöðu að seljandi bæri ekki skattbyrðina að fullu. Við eðlilegar markaðsaðstæður með nokkrum bjóðendum er sennilegra að þeim viðbótarkostnaði, sem er fólgin í stimpilgjaldi af umsömdu kaupverði, hefði verið skipt milli seljanda og kaupanda.

Eftirlitsstofnun EFTA telur ógerlegt að setja fram almenna reglu sem tryggi að markaðsverð byggingar hækki alltaf nákvæmlega um þá fjárhæð sem kaupandi þyrfti að jafnaði að greiða í óbeinum sköttum við skráningu á þeirri byggingu, þ.e. í þeim tilvikum að skattarnir hafa annaðhvort þegar verið greiddir eða falla ekki til vegna lögbundinnar undanþágu. Í bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 30. júní 2005 viðurkennir ráðuneytið raunar að ekki sé hægt að draga svo víðtæka ályktun, og að röksemdir stjórnvalda um bein áhrif undanþágu frá stimpilgjaldi hvíli algerlega á þeirri tilteknu matsaðferð sem þau kusu að beita í tilviki Entra.

Í málinu, sem hér er til athugunar, kusu Norðmenn að innheimta ekki stimpilgjald af Entra og tóku sérstaklega fram að síðara matið á verðmæti fasteignarinnar byggðist á þeirri forsendu. Norðmenn halda því þess vegna fram þegar allt kemur til alls að í þeirri hugsuðu stöðu, sem komið hefði upp ef Entra hefði verið gert að greiða venjulegt stimpilgjald, hefði núvirkisáðferðin einnig orðið fyrir valinu og sömu forsendur verið lagðar til grundvallar útreikningi á söluverðmætinu. Væru þessar röksemdir teknar gildar væri gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins látið ráðast af getu EES-ríkis til að sannfæra Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn um að við tiltekna hugsaðar aðstæður hefði það gert tiltekna ímyndaðar ráðstafanir.

Eftirlitsstofnun EFTA leggur að lokum áherslu á að í þeim sjaldgæfu tilvikum sem Dómstóll Evrópubandalaganna hefur – við ólíkar aðstæður – fallist á röksemdir um að ein greiðsla hafi komið á móti annarri hefur það skilyrði ætíð verið sett að ákvörðun um slíkar mótvægisráðstafanir hafi verið tekin fyrirfram (en ekki eftir að viðskiptin eiga sér stað) á vel tilgreindan, hlutlægan og gagnsæjan hátt⁽⁵⁵⁾. Í undirbúningsskjölum lagasetningarinnar, sem hér á við, er hins vegar hvergi tekið fram að skilyrði fyrir því að veita ávinning með undanþágu frá stimpilgjaldi hafi verið að á móti þeim ávinningi kæmi herra verðmat á viðkomandi fasteignum en einkaaðili hefði greitt fyrir fasteignina í frjálsum viðskiptum. Þau rök stjórnvalda í Noregi, að Entra hafi ekki notið ávinnings í samburði við þær aðstæður að fyrirtækinu hefði verið gert að greiða stimpilgjald, virðast þvert á móti stangast á við yfirlýst markmið að baki þeirri ákvörðun að veita Entra undanþágu frá

⁽⁵⁵⁾ Um samsvarandi nálgun á áþekku sviði ríkisaðstoðar sjá mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH* [2003] ECR I-7747 (83.–95 mgr.). Sjá einnig 117.–129. lið álitis Jacobs aðallögmanns í máli C-126/01 *GEMO* [2003] ECR I-13769.

stimpilgjaldi. Í undirkafla I.3.1 hér að framan er bent á að í Stórþingsfrumvarpinu kom fram að tilgangur undanþáguákvæðisins væri sá að Entra skyldi ekki íþyngt fjárhagslega með stimpilgjaldi, vegna þess að samkeppnisaðilar í einkageiranum gætu að miklu leyti losnað við slíkar álögur með öðrum hætti. Þingfrumvarpið byggist með öðrum orðum á þeirri forsendu að greiðsla stimpilgjalds væri Entra óhagfelldari en ef fyrirtækið greiddi ekki gjaldið. Það var ennfremur ætlun þingsins að hindra að Entra væri sett í þá óhagkvæmu stöðu.

1.3.3 Niðurstaða um ávinning

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er sú að 3. gr. hinna umdeildu laga færi Entra ávinning í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.4 Ráðstöfunin verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni, og verður að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila

Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðun sinni um að hefja rannsókn að ráðstöfunin væri til þess fallin að raska samkeppni og hefði áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld í Noregi halda því hins vegar fram að ráðstöfunin muni „*ekki hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila*“ og að Eftirlitsstofnun EFTA verði að leggja mat á viðkomandi markað. Stjórnvöld í Noregi halda því ennfremur fram að „*erlendir fjárfestar hafi ekki starfað á fasteignamarkaði í Noregi*“⁽⁵⁶⁾.

Dómstóll Evrópubandalaganna hefur úrskurðað⁽⁵⁷⁾ að röskun verði á samkeppni um leið og aðstoð ríkisins styrkir stöðu fyrirtækis gagnvart öðrum samkeppnisfyrirtækjum. Aðstoð dregur úr kostnaði og styrkir samkeppnisstöðu aðstoðarþega gagnvart þeim sem þurfa að bera öll útgjöld sjálfir. Með þetta í huga er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að aðstoðin, sem Entra var veitt með niðurfellingu stimpilgjalds, hafi raskað samkeppni í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld í Noregi hafa raunar ekki haldið því fram að samkeppni hafi ekki verið raskað (heldur aðeins að ekki hafi komið fram áhrif á viðskipti).

Að því er áhrif á viðskipti varðar er nauðsynlegt að kanna hvort aðstoðin, sem um ræðir, geti styrkt stöðu fyrirtækis gagnvart fyrirtækjum sem keppa við það á EES-markaði⁽⁵⁸⁾. EFTA-dómstóllinn hefur úrskurðað að Eftirlitsstofnun EFTA þurfi ekki að færa sönnur á að aðstoðin hafi haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli samningsaðila, heldur aðeins að kanna hvort hún sé til þess fallin að hafa slík áhrif⁽⁵⁹⁾. Af þeim sökum er venja fyrir því að túlka skilyrðið um áhrif á viðskipti rúmt með þeim hætti að ráðstöfun er almennt talin ríkisaðstoð ef hún getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja⁽⁶⁰⁾.

Í 2. mgr. undirkafla 17B.3 í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð stendur: „*Hvað þetta ákvæði varðar leiðir af dómaframkvæmd að viðmiðinu um áhrif á viðskipti er fullnægt ef styrkta fyrirtækið annast starfsemi sem hefur í för með sér viðskipti milli samningsaðila.*“ Aðstoð getur þó haft áhrif á viðskipti innan EES enda þótt fyrirtækið, sem nýtur hennar, taki ekki sjálft þátt í millirikjaviðskiptum⁽⁶¹⁾. Ástæðan er sú að hljóti fyrirtæki ríkisaðstoð getur það viðhaldið vörubirgðum innanlands eða aukið þær með þeim afleiðingum að fyrirtæki, sem hafa staðfestu í öðrum EES-ríkjum, eiga óhægara um vik að bjóða þjónustu sína á markaði landsins⁽⁶²⁾.

Samkvæmt ársreikningi Entra fyrir árið 2001 stundar fyrirtækið „*uppbyggingu, útleigu, umsjón, rekstur, sölu og kaup fasteigna í Noregi*“.

Entra er aðili að samtökum fasteignafyrirtækja („Foreningen Næringseiendom“)⁽⁶³⁾, en fyrirtæki, sem eiga aðild að þeim samtökum, stunda sams konar starfsemi og Entra, eingöngu eða að

⁽⁵⁶⁾ Sjá bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 16. september 2004.

⁽⁵⁷⁾ Mál 730/79 *Philip Morris Holland BV gegn framkvæmdastjórninni* [1980] ECR 2671, 11. mgr.

⁽⁵⁸⁾ Sbr. m.a. mál C-126/01 *GEMO*, dómur frá 20. nóvember 2003, mál E-6/98 *Norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999] Skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 76, 59. mgr., mál 730/79 *Philip Morris gegn framkvæmdastjórninni* [1980] ECR 2671, 11. mgr.

⁽⁵⁹⁾ Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil, Pfl og Konungsríkið Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, dómur frá 21. júlí 2005, 94. mgr.

⁽⁶⁰⁾ Sameinuð mál T-298/97–T-312/97 o.fl., *Alzetta a.o. gegn framkvæmdastjórninni* [2000] ECR-2319, 76.–78. mgr.

⁽⁶¹⁾ Mál T-55/99 *CETM gegn framkvæmdastjórninni* [2000] ECR-II-3207, 86. mgr.

⁽⁶²⁾ Mál C-303/88 *Italia gegn framkvæmdastjórninni* [1991] ECR I-1433, 27. mgr.; sameinuð mál C-278/92 til C-280/92 *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [1994] ECR I-4103, 40. mgr.

⁽⁶³⁾ Samtök fasteignafyrirtækja tilheyra landssambandi byggingaiðnaðarins í Noregi („*Byggenæringens Landsforening (BNL)*“). BNL tilheyrir samtökum norskra atvinnurekenda (NHO).

hluta. Aðild að Foreningen Næringseiendom eiga 74 fyrirtæki (í október 2005). Meðal þeirra eru fyrirtæki á borð við ABB AS-Eiendom, Aberdeen Property Investors, Avantor AS, ICA Eiendom Norge AS, KLP Eiendom AS, Linstow ASA, Mustad Eiendom AS, NCC Property Development AS, Reitan Eiendom AS, Skanska Eiendomsutvikling AS, Smedvig Eiendom AS, Steen & Strøm ASA, Storebrand Eiendom AS, Umoe Sterkorder AS, Veidekke Eiendom AS, Vesta Forsikring AS-Eiendom og Vital Eiendomsforvaltning AS ⁽⁶⁴⁾.

Stærsta fyrirtæki (eða samsteypa) í eigu Norðmanna, sem stundar fasteignaviðskipti, er Olav Thon Gruppen. Samsteypan var einnig starfandi árið 2000 þegar Entra var stofnað. Nú á Olav Thon Gruppen 320 fasteignir í Noregi og 18 erlendis (einkum í Brussel). Fyrsta eignin í Brussel var keypt 1988 (Thon Belgium SA). Hjá samsteypunni starfa um 3 400 manns. Hún leigir út skrifstofur en rekur einnig gistihús, veitingahús og verslunarmiðstöðvar ⁽⁶⁵⁾.

Eitt fyrirtækjanna, sem hér hafa verið nefnd, Linstow AS, á og reisir fasteignir í Noregi, en einnig í Eystrasaltslöndunum, Portúgal og Svíþjóð. Linstow AS er að fullu í eigu Anders Wilhelmsen Group sem keypti og tók fyrirtækið af skrá hjá Kauphöllinni í Ósló 1999. Anders Wilhelmsen Group er einn af eigendum skipafélagsins Royal Caribbean Cruise Line (RCCL). Linstow AS hefur meðal annars með höndum umsýslu safns fasteigna í Noregi (Nordea Portfolio) í eigu Curzon Global Partners. Þar er um að ræða (í nóvember 2005) 31 fasteign sem dreifast um allan Noreg. Curzon Global Partners er fjárfestingafélag sem hefur höfuðstöðvar sínar í London og er í eigu IXIS AEW Europe (IAE). IAE er evrópskt fjárfestingafélag á sviði fasteigna í eigu Groupe Caisse d'Epargne og Caisse des Dépôts í Frakklandi. IAE hefur umsjón með eignum sem eru metnar á um 11 milljarða evra ⁽⁶⁶⁾.

Eitt hinna fyrirtækjanna, ICA Eiendom Norge AS, er dótturfélag sænska fyrirtækisins ICA Fastigheter AB. ICA Fastigheter AB er dótturfélag ICA AB og að fullu í eigu þess. ICA Fastigheter AB reisir, rekur og selur fasteignir í Skandinavíu og Eystrasaltslöndunum. Bókfært verðmæti fasteignanna er 5,7 milljarðar SEK og er aðallega um að ræða verslunar- og lagerhúsnæði. Auk verslana og fyrirtækja ICA leigir fyrirtækið einnig erlendum viðskiptavinum fasteignir. ICA Group (ICA AB) er eitt helsta smásöluvyrirtæki Norðurlanda með um 2 600 eigin og tengdar verslanir í Skandinavíu og Eystrasaltslöndunum ⁽⁶⁷⁾.

Um sama leyti og Entra var stofnað (árið 2000) var Aberdeen Property Investors Norway AS stofnað sem dótturfélag Aberdeen Property Investors. Aberdeen Property Investors er hluti af Aberdeen Asset Management PLC, en það er sjálfstæð sjóðstjórnunarsamsteypa, skráð í kauphöllinni í Lundúnum. Um þessar mundir hefur Aberdeen Property Investors með höndum umsýslu fasteigna að verðmæti 7,8 milljarða evra í Norður-Evrópu, þar af 9 milljarða NOK (um 1,1 milljarðs evra) í Noregi. Árið 2001 keypti Aberdeen Property Investors Norway AS fyrirtækið Norske Liv Eiendom, annað fasteignafyrirtæki á norskum markaði og hefur nú meðal annars með höndum umsýslu fasteignasafna í eigu NSB, Nordea Liv og API Eiendomsfond. Starfsmenn Aberdeen Property Investors í Noregi eru 200 að tölu ⁽⁶⁸⁾.

Af þessu má ljóst vera að í hópi ofangreindra fyrirtækja, sem starfa á sama markaði og Entra (þ.e. stunda *uppbyggingu, útleigu, umsjón, rekstur, sölu og kaup fasteigna í Noregi*) og voru starfandi þegar Entra var stofnað árið 2000, eru nokkur sem voru ekki í eigu Norðmanna, nokkur sem voru starfandi bæði í Noregi og annars staðar og nokkur sem höfðu með höndum umsýslu með fasteignasöfnum í erlendri eigu.

Af lýsingunni í undirkafla I hér á undan leiðir að eignir og starfsemi, sem framseld var til Entra, voru hluti af samkeppnisumhverfi. Samkvæmt því er Entra í samkeppni við önnur fyrirtæki sem bjóða fram byggingar og aðrar fasteignir. Þetta á við um Entra sem eiganda, kaupanda, seljanda, rekstraraðila og umsýsluáðila fasteigna. Starfsemi Entra nær til allra landshluta í Noregi á markaði þar sem starfandi eru atvinnurekendur frá öðrum EES-ríkjum. Af þessu leiðir að fjórða skilyrðinu er einnig fullnægt, vegna þess að ráðstöfunin hefur, eða er til þess fallin að hafa, áhrif á samkeppni og viðskipti milli sammingsaðila.

⁽⁶⁴⁾ Heimild: <http://www.foreningen-naringsseiendom.no/medlemsbedriftene>.

⁽⁶⁵⁾ Heimild: <http://www.olavthon.no>.

⁽⁶⁶⁾ Heimild: <http://www.ne.no/linstow>.

⁽⁶⁷⁾ Heimild: http://www.ica.no/FrontServlet?s=eiendom&state=eiendom_dynamic&viewid=919&expand=1.

⁽⁶⁸⁾ Heimild: <http://www.aberdeenpropertyinvestors.no>.

2 Samrýmanleiki aðstoðarinnar

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á að umrædd skattundanþága jafngildi aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að ekki sé fölginn aðstoð í ráðstöfuninni sem hér til athugunar, en hafa ekki lagt fram neinar röksemdir um samrýmanleika hennar. Eftir að hafa metið hversu líklegt sé að um ríkisaðstoð sé að ræða er þó nauðsynlegt að kanna hvort slík aðstoð geti samrýmst ákvæðum 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Undanþágur í skilningi 2. mgr. 61. gr. eiga ekki við í þessu tilviki. Stofnun Entra fylgdi ekki aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum eða aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða.

Samkvæmt staflíð a) í 3. mgr. 61. gr. getur aðstoð talist samrýmanleg EES-samningnum sé henni ætlað að efla hagþróun á svæðum þar sem líf skjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið. Ráðstöfunin, sem hér er til athugunar, takmarkast hins vegar ekki við slíkt svæði og þetta ákvæði á því ekki við. Ekki á heldur við undanþágan sem mælt er fyrir um í staflíð b) í 3. mgr. 61. gr. Að því er varðar undanþáguna, sem fjallað er um í staflíð c) í 3. mgr. 61. gr., telur Eftirlitsstofnun EFTA að lokum að ekki sé unnt að líta svo á að aðstoðin greiði fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða í skilningi þessarar greinar. Aðstoðin fullnægir því engum skilyrðum fyrir undanþágu sem kveðið er á um í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3 Málsmeðferðarákvæði og eðli aðstoðarinnar

3.1 Tilkynningarskylda

Í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól stendur: „*Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda.*“ Ef ekki er tilkynnt um veitta aðstoð eða tilkynnt um hana seint, þ.e. eftir að hún kemur „*til framkvæmda*“ telst hún ólögleg.

Undanþágan, sem Entra var veitt frá skráningargjöldum við stofnun fyrirtækisins, var ekki tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA og hún var látin koma til framkvæmda.

3.2 Endurheimt

Eftirlitsstofnun EFTA bendir stjórnvöldum í Noregi á ákvæði 1. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Undanþágan frá skráningargjöldum var tekin upp eftir að EES-samningurinn öðlaðist gildi. Hvers kyns aðstoð í þessu máli verður því að flokka sem nýja aðstoð. Eins og komið hefur fram barst engin tilkynning um slíka aðstoð. Aðstoð í máli þessu verður því að teljast ólögleg samkvæmt skilgreiningunni í staflíð f) í 1. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Þegar ólögleg aðstoð telst ósamrýmanleg EES-samningnum fer eftirlitsstofnun að jafnaði þá leið, í samræmi við ákvæði 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að mæla svo fyrir að hlutaðeigandi EFTA-ríki endurheimti aðstoðina frá viðtakanda.

Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að engin almenn sjónarmið standi í vegi fyrir endurgreiðslu í þessu máli. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er niðurfelling aðstoðar með endurheimtu hennar rökrétt afleiðing þeirrar niðurstöðu að hún sé ólögleg. Af því leiðir að þegar ríkisaðstoð, sem veitt hefur verið með ólöglegum hætti, er endurheimt í þeim tilgangi að færa aðstæður til fyrra horfs er í grundvallaratriðum útilokað að telja það ósamþýðanlegt markmiðum EES-samningsins á sviði ríkisaðstoðar. Með því að endurgreiða aðstoðina glatar aðstoðarþeginni ávinningi sem hann hafði notið umfram keppinauta sína á markaðnum, og aðstæður komast í sama horf og áður en aðstoðin var greidd⁽⁶⁹⁾. Af þessum tilgangi endurgreiðslu á aðstoð leiðir einnig að jafnaði, að frátöldum undantekningartilvikum, að Eftirlitsstofnun EFTA fer ekki út fyrir valdmörk sín, eins og þau hafa verið skilgreind í dómaframkvæmd dómstólsins, þótt hún fari fram á það við hlutaðeigandi EFTA-ríki að það endurheimti fjárhæðir sem greiddar voru í mynd ólöglegrar aðstoðar, enda er hún þá aðeins að færa aðstæður til fyrra horfs⁽⁷⁰⁾. Auk þess er það svo, með

⁽⁶⁹⁾ Sbr. mál C-350/93 *Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu* [1995] ECR I-699, 22. mgr.

⁽⁷⁰⁾ Sbr. mál C-75/97 *Belgía gegn framkvæmdastjórninni* [1999] ECR I-3671, 66. mgr., og mál C-310/99 *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [2002] ECR I-2289, 99. mgr.

tilliti til lögboðsins eftirlits stofnunarinnar með ríkisaðstoð samkvæmt bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að fyrirtæki, sem hlotið hafa ríkisaðstoð, geta í grundvallaratriðum ekki haft lögmætar væntingar um að aðstoð sé lögmæt nema hún hafi verið veitt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í ákvæðum þeirrar bókunar ⁽⁷¹⁾.

4 Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að undanþága frá stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi, sem veitt var í tengslum við stofnun Entra, sé ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Af þeim sökum bindur stofnunin enda á málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, með neikvæðri ákvörðun og leggur fyrir stjórnvöld í Noregi að endurheimta ríkisaðstoðina frá Entra að viðbættum áföllnum vöxtum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Undanþága frá stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi, sem veitt var við stofnun Entra AS (sbr. 3. gr. laga frá 18. febrúar 2000, nr. 11) jafngildir ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Aðstoðin var veitt í bága við málsmeðferðarákvæðin sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og stenst ekki skilyrði um undanþágur samkvæmt 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
2. Stjórnvöldum í Noregi ber að endurheimta frá Entra stimpilgjaldið og þinglýsingargjaldið sem þau urðu af, að viðbættum áföllnum vöxtum sem reiknaðir skulu á grundvelli viðeigandi viðmiðunarvaxtafótar frá deginum er gjöldin töldust gjaldfallin til þess dags sem þau eru endurgreidd.
3. Stjórnvöldum í Noregi skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari.
4. Stjórnvöld í Noregi skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA innan tveggja mánaða frá því að ákvörðunin er tilkynnt þær ráðstafanir sem þau hyggjast gera til að fullnægja henni.
5. Í samræmi við staflíð d) í bókun 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari.
6. Birta skal öðrum EFTA-rikkjum, aðildarríkjum Evrópubandalaganna og öðrum hagsmunaaðilum ákvörðun þessa á hinu fullgilta tungumáli í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna [sic]* og EES-viðbæti við þau.
7. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 14. desember 2005.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull

forseti

Kurt Jäger

stjórnarmaður

⁽⁷¹⁾ Sbr. mál C-169/95 *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [1997] ECR I-135, 51. mgr.

TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/61/02

119/07/COL

frá 16. apríl 2007

um eftirlit með bakgrunnsinnihaldi díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og annarra PCB-efna en díoxínlíkra í matvælum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sem nefnist EES-samningurinn í því sem hér fer á eftir), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 54zn í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn,

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarksþág tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾,

með áorðnum breytingum, auk aðlögunarákvæða samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 54zcc í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB frá 26. júlí 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með díoxínum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum ⁽²⁾,

með áorðnum breytingum, auk aðlögunarákvæða samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 37/07/COL frá 27. febrúar 2007, en samkvæmt henni ber valdbærum stjórnarmanni eftirlitsstofnunarinnar að samþykkja tilmælin ef fyrirbyggjandi drög eru í samræmi við álit matvælanefndar EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 er kveðið á um hámarksinnihald díoxína og samtölu díoxína og díoxínlíkra fjöklóraðra tvífenýla (PCB-efna) í matvælum.

Nauðsynlegt er að afla áreiðanlegra gagna frá öllu Evrópska efnahagssvæðinu um útbreiðslu díoxína, fúrana og díoxínlíkra PCB-efna í sem flestum tegundum matvæla til þess að geta dregið upp skýra mynd af því hvernig bakgrunnsinnihald þessara efna í matvælum hefur þróast.

Í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA 144/06/COL frá 11. maí 2006 um að draga úr díoxínum, fúrönum og PCB-efnum í fóðri og matvælum er mælt til þess að EFTA-ríkin láti fara fram slembieftirlit með útbreiðslu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna, og eftir því sem unnt er PCB-efna annarra en díoxínlíkra, í matvælum í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/705/EB ⁽³⁾.

Í tilmælum 2004/705/EB er mælt til þess að aðildarríkin láti greina tiltekinn lágmarksfjölda af sýnum á hverju ári fyrir hverja tegund matvæla og setji fram með tilteknum hætti niðurstöður eftirlits með bakgrunnsinnihaldi díoxína, fúrana og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum.

Rétt er að breyta fyrirbyggjandi eftirlitsáætlun, sem byggð er á tilmælum 2004/705/EB, þannig að tekið sé tillit til fenginnar reynslu og þess að þau EFTA-ríki, sem eiga aðild að EES, taka þátt í rannsóknum á magni díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og annarra PCB-efna en díoxínlíkra í matvælum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 321, 22.10.2004, bls. 4.

Mikilvægt er að gögn, sem tekin eru saman samkvæmt þessum tilmælum, berist Eftirlitsstofnun EFTA með reglulegum hætti og að stofnunin komi þeim upplýsingum áfram til framkvæmdastjórnar Evrópu-bandalaganna, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. bókunar 1 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, en framkvæmdastjórnin sér um að skrá gögnin í gagnagrunn. Einnig ber að leggja fram gögn sem safnað hefur verið á undanförunum árum með greiningaraðferð sem fullnægir kröfum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í tilmælum þessum, eru í samræmi við álit matvælanefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

EFTIRFARANDI TILMÆLUM ER BEINT TIL EFTA-RÍKJANNA:

1. EFTA-ríkin láti fara fram frá árinu 2007 til 31. desember 2008 eftirlit með bakgrunnsinnihaldi díoxína, fúrana og díoxínlíkra fjöklóraðra tvífenýla (PCB-efna) í matvælum, og skulu þá hafðar til viðmiðunar ráðleggingar, sem fram koma í töflunni í I. viðauka, um lágmarksfjölda sýna sem taka ber til greiningar á hverju ári.
2. Eftir því sem unnt er skal einnig greina innihald PCB-efna annarra en díoxínlíkra í sömu sýnum.
3. EFTA-ríkin sendi Eftirlitsstofnun EFTA reglulega gögn með þeim upplýsingum um eftirlitið sem greinir í II. viðauka, og á því sniði sem þar er sýnt, til þess að unnt sé að skrá þær í einn gagnagrunn. Einnig ber að leggja fram gögn sem safnað hefur verið á undanförunum árum með greiningaraðferð sem fullnægir kröfum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB og endurspeglar bakgrunnsinnihald.
4. Tilvísanir til tilmæla 2004/705/EB í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA 144/06/COL frá 11. maí 2006 skal lesa sem tilvísanir til tilmælanna sem hér birtast.

Gjört í Brussel 16. apríl 2007.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

Niels Fenger

framkvæmdastjóri

I. VIÐAUKI

Tafla: Yfirlit um tilmæli um lágmarksfjölda matvælasýna sem taka ber til greiningar á hverju ári. Dreifing sýnanna er byggð á framleiðslu í hverju landi. Einkum er hugað að matvælum sem vænta má að hafi breytilegast bakgrunnsinnihald díoxína, fúrana og díoxínlikra PCB-efna. Þar er einkum um að ræða fisk.

Tegund matvæla (nær til allra afurða úr vörunni)	Eldisfiskur (*)	Veiddur fiskur (**)	Kjöt (***)	Mjólk (****)	Egg (*****)	Annað (*****)	Samtals
Fjöldi sýna	57	163	18	6	6	7	257
Noregur	54	94	11	3	4	4	170
Ísland	3	69	7	3	2	3	87

Athugasemdir við töfluna

Tölurnar, sem sýndar eru í töflunni, eru lágmarkstölur. Ástæða getur verið til að taka fleiri sýni.

(*) *Eldisfiskur*: Taka ber sýni úr fisktegundum í réttu hlutfalli við framleiðslu á hverri tegund.

(**) *Veiddur fiskur*: Taka ber sýni úr fisktegundum í réttu hlutfalli við afla af hverri tegund. Sérstaklega skal hugað að því að taka sýni úr veiddum ál.

(***) *Kjöt*: Auk sýna úr kjöti og unnum kjötvörum af nautum, svínum, alifuglum og sauðfê ber að taka marktækan fjölda sýna úr hrossakjöti, hreindýrakjöti, geitakjöti, kanínkjöti, hjartarkjöti og villibrád.

(****) *Mjólk*: Mjólkursýni skulu tekin að verulegu leyti úr mjólk á bújörðum (fyrst og fremst kúamjólk). Jafnframt er rétt að taka sýni úr annarri mjólk en kúamjólk (geitamjólk o.s.frv.) og afurðum úr henni.

(*****) *Egg*: Huga ber sérstaklega að eggjum útihæna og taka jafnframt sýni úr andareggjum, gæsaeggjum og kornhæueggjum.

(*****) *Annað*: Í þessum flokki ber að huga sérstaklega að

- fæðubótarefnum (einkum þeim sem eru að uppistöðu til úr lýsi),
- ungbarna- og smábarnamat,
- matvælum frá svæðum þar sem breytingar á framleiðsluskilyrðum, til að mynda vegna flóða af völdum veðurs, kunna að hafa haft áhrif á styrk díoxína og díoxínlikra PCB-efna í matvælunum.

II. VIÐAUKI

A. Skýringar á eyðublaði sem nota ber undir niðurstöður greiningar á díoxínnum, fúrönnum, díoxínlíkum PCB-efnum og öðrum PCB-efnum í matvælum

1. Almennar upplýsingar um sýnin sem tekin eru til greiningar

Sýnisnúmer: Auðkennisnúmer sýnisins.

Land: Heiti aðildarríkisins þar sem sýni voru tekin.

Ár: Árið sem sýnataka fór fram.

Vara: Vörusýni sem tekið var til greiningar – lýsið vörusýninu svo nákvæmlega sem unnt er.

Þrep í söluferli: Staðurinn þar sem afurðin (sýnið) var tekin.

Vefur: Sá hluti vörunnar sem var tekinn til greiningar.

Framsetning niðurstaðna: Framsetning niðurstaðna á að vera í samræmi við ákvæðin sem hámarksgildin miðast við. Þegar greind eru PCB-efni önnur en díoxínlík er eindregið mælt til þess að þær niðurstöður séu settar fram á sama grundvelli.

Tegund úrtaks: Slembiúrtak; einnig má greina frá niðurstöðum eftir markvisst úrtak, en þá verður að koma skýrt fram að um slíkt úrtak sé að ræða og að óvíst sé að það gefi rétta mynd af bakgrunnsinnihaldi.

Fjöldi hlutsýna: Ef um er að ræða safnsýni skal tilgreina fjölda hlutsýna (fjöldi einstakra, mismunandi sýna). Ef greiningin er aðeins byggð á einu sýni skal skrá töluna 1. Þar eð hlutsýni í safnsýni geta verið mismörg skal tilgreina fjöldi hlutsýna fyrir hvert sýni.

Framleiðsluaðferð: Hefðbundin/lífræn framleiðsla (sem ítarlegastar upplýsingar).

Svæði: Tilgreina skal, ef við á, svæðið eða héraðið sem sýnið var tekið í, og taka fram eftir því sem við verður komið hvort um er að ræða strjálbýli, þéttbýli, iðnaðarsvæði, höfn, opið haf o.s.frv., *dæmi: Brussel – þéttbýli, Miðjarðarhaf – opið haf*. Einkum er mikilvægt að tiltaka svæðið með greinilegum hætti ef sýnið hefur verið tekið úr matvælum sem framleidd hafa verið á flóðasvæðum.

Fituinnihald (%): Hlutfall fitu í sýninu.

Rakainnihald (%): Hlutfall raka í sýninu (ef þær upplýsingar liggja fyrir).

2. Almennar upplýsingar um greiningaraðferð

Greiningaraðferð: Tilgreinið aðferðina sem notuð er.

Faggilding: Tilgreinið hvort greiningaraðferðin nýtur faggildingar.

Óvissa: Ákvörðunarmörkin eða sá hundradshluti mælingaróvissu sem fylgin er í greiningaraðferðinni.

Aðferð sem notuð er við útdrátt fituefna: Tilgreinið aðferðina sem notuð er við útdrátt fituefna til að ákvarða fituhlutfall í sýninu.

3. Greiningarniðurstöður

Díoxín, fúrön, díoxínlík PCB-efni: Tilgreinið niðurstöður fyrir hverja efnamynd í ppt – píkógrömmum á gramm (pg/g).

PCB-efni önnur en díoxínlík: Tilgreinið niðurstöður fyrir hverja efnamynd í ppb – nanógrömmum á gramm eða míkrogrömmum á kíló (ng/g eða µg/kg).

Magngreiningarmörk: Magngreiningarmörk í pg/g (að því er varðar díoxín, fúrön og díoxínlík PCB-efni) eða µg/kg – ng/g (að því er varðar PCB-efni önnur en díoxínlík).

Þegar efnamynd greinist en er undir LOQ (magngreiningarmörkum) skal merkja < LOQ í niðurstöðureitinn (þar sem LOQ er tilgreint sem gildi).

Þegar greindar eru aðrar efnamyndir PCB en PCB-6 og díoxínlík PCB-efni ber að tilgreina númer efnamyndarinnar (t.d. 31, 99, 110 o.s.frv.). Ef leitað hefur verið að fleiri efnamyndum PCB en rúmast á eyðublaðinu skal einfaldlega bætt við eyðublaðið neðst.

4. Almennar athugasemdir við töfluna

- Skráning upplýsinga um endurheimtuhlutfall

Ekki er skylt að skrá upplýsingar um endurheimtuhlutfall ef endurheimtuhlutfall fyrir einstakar efnamyndir er á bilinu 60–120 %. Ef endurheimtuhlutfall er utan þessara marka að því er einhverjar efnamyndanna varðar er skylt að skrá upplýsingar um endurheimtuhlutfall.

- Skráning upplýsinga um magngreiningarmörk

Ekki er skylt að skrá upplýsingar um magngreiningarmörk, en efnamyndir, sem voru ekki mælanlegar, verður að skrá í niðurstöðudálgnum sem < LOQ (þar sem LOQ er tilgreint sem raungildi).

- Skráning upplýsinga um eiturjafngildi einstakra efnamynda

Ekki er skylt að skrá upplýsingar í dálkinn fyrir eiturjafngildi einstakra efnamynda.

B. Eyðublað sem nota ber undir niðurstöður greiningar á einstökum efnamyndum díoxína, fúrana, díoxíníkra PCB-efna og annarra PCB-efna í matvælum

Land	
Ár	
Vara	
Prep í sölufæri	
Vefur	
Franseining niðurstaðna	
Tegund úrtaks	
Sýnisnúmer	
Framleiðsluáðferð	
Svæði	
Fjöldi hlutsýna	
Fítuinnihald (%)	
Rakainnihald (%)	

Athugasemdir	
Eftirtaldir upplýsingar skulu koma fram:	
Greiningaraðferð	
Fagglíðing	
Óvissa (ákvörðunarmörk eða öryggisbil)	
Aðferð sem notuð er við útdrátt fíttuefna	

1	Dioxin og fúron (pg/g)	Efhamyndir	Eiturjafn- gildissuðull	Magngreining- armörk (sjá athuga- sendir)	Endurheimt (sjá athuga- sendir)	Niðurstöður	Eiturjafngildi (sjá athuga- sendir)
		2,3,7,8 - TCDD	1				
		1,2,3,7,8 - PeCDD	1				
		1,2,3,4,7,8 - HxCDD	0,1				
		1,2,3,6,7,8 - HxCDD	0,1				
		1,2,3,7,8,9 - HxCDD	0,1				
		1,2,3,4,6,7,8 - HpCDD	0,01				
		OCDD	0,0001				
		2,3,7,8 - TCDF	0,1				
		1,2,3,7,8 - PeCDF	0,05				
		2,3,4,7,8 - PeCDF	0,5				
		1,2,3,4,7,8 - HxCDF	0,1				
		1,2,3,6,7,8 - HxCDF	0,1				
		1,2,3,7,8,9 - HxCDF	0,1				
		2,3,4,6,7,8 - HxCDF	0,1				
		1,2,3,4,6,7,8 - HpCDF	0,01				
		1,2,3,4,7,8,9 - HpCDF	0,01				
		OCDF	0,0001				

Samtala eiturjafngildis-PCDD/PCDF	
Háreikngildi	
Miðreikngildi	
Lágreikngildi	

2	PCB-efni, ómumur en ortó-PCB-efni (pg/g)	Efnamyndir PCB	Eiturjafn- gildisstuðull	Magnreining- armörk	Endurheimt (sjá athuga- semdir)	Niðurstöður	Eiturjafnildi (sjá athuga- semdir)
		PCB-77	0,0001				
		PCB-81	0,0001				
		PCB-126	0,1				
		PCB-169	0,01				
3	Einortó-PCB-efni (pg/g)	Efnamyndir PCB	Eiturjafn- gildisstuðull	Magnreining- armörk	Endurheimt (sjá athuga- semdir)	Niðurstöður	Eiturjafnildi (sjá athuga- semdir)
		PCB-105	0,0001				
		PCB-114	0,0005				
		PCB-118	0,0001				
		PCB-123	0,0001				
		PCB-156	0,0005				
		PCB-157	0,0005				
		PCB-167	0,00001				
		PCB-189	0,0001				

Samtala eiturjafnildis-PCB

Háreiknigildi

Miðreiknigildi

Lágreiknigildi

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. 2008/EES/61/03
I. hluta bókkunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar:

Dagsetning ákvörðunar: 9. júlí 2008

Málsnúmer: 64967

EFTA-ríki: Noregur

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Reglur um skattendurgreiðslur vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennu norsku skipaskránni (NOR)

Lagaheimild: Fjárveitingarsamþykkt norska þingsins nr. 616 frá 20. júní 2008

Tegund aðstoðar: Skattendurgreiðslur

Markmið: Helstu markmiðin að baki reglna um skattendurgreiðslur vegna farmanna er að verja og efla atvinnu farmanna í Noregi og á Evrópska efnahagssvæðinu, tryggja að unnt sé að ráða farmenn til starfa og að þeir hljóti tilskilda þjálfun og bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa slíka farmenn á launaskrá. Reglurnar hafa jafnframt víðtækara markmið sem snýr að því að standa vörð um og efla verkkunnáttu í siglingagreinum í almennum skilningi og auka öryggi.

Fjárveiting: Eftir að hin tilkynnta breyting er komin til framkvæmda verður fjárveiting fjárlagaársins 2008 1 777 milljónir norskra króna (um 223,3 milljónir evra).

Aðstoðarhlutfall: Skipafélög fá endurgreidda skatta og almannatryggingagjöld sem innheimt hafa verið af farmönnum, auk almannatryggingagjalda sem skipafélögin hafa innt af hendi sjálf.

Þessar endurgreiðslur geta aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð innheimts tekjuskatts og almannatryggingagjalda.

Með hinni tilkynntu breytingu hefur hámark endurgreiðslu á árinu 2008 verið ákveðið 198 000 norskra króna (24 884 evrur) á hvern farmann árlega.

Gildistími: Til 1. janúar 2016

Atvinnugreinar: Sjóflutningar

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Nærings- og handelsdepartementet, Postboks 8014 Dep, N-0030 Oslo

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2008/EES/61/04

frá 20. júní 2008

í máli E-8/07:

Celina Nguyen

gegn

Justis- og politidepartementet (dómsmála- og lögregluráðuneytinu), fyrir hönd norska ríkisins

(Skylduábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja – tilskipanir 72/166/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE – bætur vegna óefnislegs tjóns – skilyrði fyrir skaðabótaskyldu ríkisins – nægilega alvarlegt brot)

Hinn 20. júní 2008 felldi dómstóllinn dóm í máli E-8/07, Celina Nguyen gegn Justis- og politidepartementet (dómsmála- og lögregluráðuneytinu), fyrir hönd norska ríkisins – Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Oslo tingrett (Héraðsdómi Óslóar), varðandi túlkun á EES-samningnum, með sérstakri vísan til nokkurra gerða sem um getur í IX. viðauka við samninginn, en þær eru:

- Gerðin sem um getur í 8. lið IX. viðauka (tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð, „fyrsta tilskipun um ökutækjatrýggingar“)
- Gerðin sem um getur í 9. lið IX. viðauka (önnur tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjana um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum, „önnur tilskipun um ökutækjatrýggingar“)
- Gerðin sem um getur í 10. lið IX. viðauka (þriðja tilskipun ráðsins 90/232/EBE frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjana um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum, „þriðja tilskipun um ökutækjatrýggingar“)

Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson (framsögumaður) og Ola Mestad (sérskipaður dómari). Dómsorðin eru svofelld:

1. Það samrýmist ekki ákvæðum fyrstu, annarrar og þriðju tilskipunar um ökutækjatrýggingar að láta skyldutryggingu samkvæmt landsrétti ekki ná til úrlausnar vegna óefnislegs tjóns („sársauka og þjáningar“), sem er ein tegund einkaréttarábyrgðar.
2. Ef skyldutrygging samkvæmt landsrétti er ekki látin ná til úrlausnar vegna óefnislegs tjóns („sársauka og þjáningar“), sem er ein tegund einkaréttarábyrgðar, er það nægilega alvarlegt brot á EES-rétti til þess að baka ríkinu skaðabótaskyldu.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/61/05

(Mál COMP/M.5168 – EADS/SSTL)

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið European Aeronautic Defence and Space Company EADS NV („EADS“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Surrey Satellite Technology Limited („SSTL“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EADS: framleiðir flugvélar, fjarskiptabúnað, varnar- og öryggiskerfi og gervitungl
 - SSTL: framleiðir gervitungl
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 264, 17. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5168 – EADS/SSTL, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5264 – Invitrogen/Applied Biosystems)

2008/EES/61/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Invitrogen Corporation („Invitrogen“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Applied Biosystems Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Invitrogen: selur prófefni, sermi og gerlaeti til háskóla og lífvísindafyrirtækja og á almennum markaði
 - Applied Biosystems Inc.: selur tækjabúnað, rekstrarvörur, hugbúnað og þjónustu til háskóla og lífvísindafyrirtækja og á almennum markaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 261, 14. október 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5264 – Invitrogen/Applied Biosystems, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5306 – Metso Power/Wärtsilä Finland/JV)

2008/EES/61/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnsku fyrirtækin Metso Power Oy og Wärtsilä Finland Oy öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu finnska Noviter Oy.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Metso Power Oy: hönnun, þróun og framleiðsla á vélum, m.a. til nota í orkuverum sem brenna eldsneyti
 - Wärtsilä Finland Oy: framleiðsla á orkukerfum, hreyflum og hverflum og raforku- og varmaverum
 - Noviter Oy: hönnun og framleiðsla á orkuverum sem brenna eldsneyti
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 264, 17. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5306 – Metso Power/Wärtsilä Finland/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5317 – IBM/ILOG)

2008/EES/61/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið International Business Machines Corporation („IBM“) öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 28. júlí 2008, að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu ILOG S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - IBM: þróun, framleiðsla og sala á margvíslegum lausnum á sviði upplýsingatækni, þar á meðal hugbúnaði, tölvukerfum, geymslubúnaði, dvergrásabúnaði og þjónustu, m.a. ráðgjafar- og tölvurekstrarþjónustu
 - ILOG S.A.: þróun, framleiðsla og sala á rekstrarhugbúnaði, bestunarhugbúnaði, hugbúnaði til myndrænnar framsetningar og notendahugbúnaði fyrir aðfangakeðjur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

